

# **Samráð á netinu**

## **Stöðumat**

**Möguleikar almennings og  
hagsmunaaðila til aðkomu að mótun  
lagafrumvarpa, reglugerða og stefna á  
netinu**

Vinnuhópur forsætis- og innanríkisráðuneyta um  
virka og gegnsæja samráðsferla á netinu

Júní 2015

## Efnisyfirlit

---

<b>1.</b>	<b>Inngangur .....</b>	<b>3</b>
<b>2.</b>	<b>Hvað er samráð? .....</b>	<b>4</b>
2.1.	Markmið .....	4
2.2.	Kjarnaatriði .....	4
2.3.	Opið samráð á netinu og annars konar samráð .....	6
2.4.	Nánara inntak – opið samráð á netinu .....	7
2.5.	Alþjóðleg þróun á síðustu árum .....	8
<b>3.</b>	<b>Opið samráð á vefjum Stjórnarráðsins .....</b>	<b>9</b>
3.1.	Nálgun.....	9
3.2.	Regluverk og leiðbeiningar .....	9
3.3.	Hversu oft opið samráð á netinu? .....	10
3.4.	Um hvað var haft samráð? .....	11
3.5.	Hvar, hvernig og hve lengi var hægt að taka þátt?.....	13
3.6.	Hvaða gögn lágu til grundvallar? .....	14
3.7.	Hvernig var farið með afrakstur og úrvinnslu samráðs? .....	15
3.8.	Samráð í EES-málum.....	16
3.9.	Nokkur dæmi um opið samráð .....	17
3.10.	Frá fundi með fulltrúum ráðuneyta og Alþingis .....	17
<b>4.</b>	<b>Erlendar samráðsgáttir .....</b>	<b>19</b>
4.1.	Val á samanburðarlöndum .....	19
4.2.	Bretland .....	19
4.3.	Danmörk .....	23
4.4.	Finnland .....	25
4.5.	Holland.....	28
4.6.	Noregur .....	31
4.7.	Eistland .....	34
4.8.	Bandaríkin .....	35
4.9.	Samantekt og samanburður .....	38
<b>5.</b>	<b>Niðurstöður og næstu skref.....</b>	<b>39</b>
5.1.	Ályktanir vinnuhópsins.....	39
5.2.	Leiðir að markmiðum .....	40

## 1. Inngangur

---

Eftirfarandi samantekt er unnin af vinnuhópi um virka og gegnsæja samráðsferla á netinu, í samstarfi innanríkisráðuneytis og forsætisráðuneytis. Markmið verkefnisins er þrjúþætt:

- 1) Auka möguleika almennings og hagsmunaaðila til að koma að stefnumótun, reglusetningu og ákvarðanatöku opinberra aðila og koma með ábendingar um það sem betur má fara í löggjöf og/eða stjórnisýslufrákvæmd.
- 2) Auka gegnsæi í laga- og reglusetningarferlinu þannig að hagsmunaaðilar geti áttað sig á hvað er í vandum og komið sínum sjónarmiðum að á öllum stigum.
- 3) Bæta vinnubrögð við undirbúning laga- og reglusetningar og við stefnumótun þannig að stjórnvöld fari í gegnum tiltekin skref sem stuðla að vandaðri vinnubrögðum.

Samantekt þessari er ætlað að gefa yfirsýn yfir stöðu Stjórnarráðsins varðandi opið samráð á netinu, veita upplýsingar um mögulegar fyrirmyndir frá þeim löndum sem við berum okkur helst saman við og vera grunnur til frekari útfærslu verkefnisins. Hér verður hins vegar hvorki fjallað um annars konar samráð á vegum ráðuneyta, svo sem innan ýmissa nefnda og starfshópa, né heldur það samráð sem fram fer hjá Alþingi.

Vinnuhópnum er falið að líta til markmiða um gegnsæ, skilvirk og opin samráðsferli eins og þau eru skilgreind í stefnu ríkis og sveitarfélaga um upplýsingasamfélagið 2013-2016, *Vöxtur í krafti netsins*, sem og *Aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar um einfaldara og skilvirkara regluverk*, frá 24. maí 2013. Þar er m.a gert ráð fyrir að opnaður verði vefur þar sem almenningi verði gert kleift að koma á framfæri ábendingum um hvernig megi einfalda reglur eða stjórnisýslufrákvæmd; viðhaft verði víðtækt samráð við undirbúning lagafrumvarpa sem varða atvinnulífið og hugað að möguleikum atvinnulífsins til að átta sig í tæka tíð á lagasetningaráformum.

Umtalsverðar framfarir hafa orðið á síðustu árum varðandi möguleika hagsmunaaðila og almennings til aðkomu að ákvarðanatökufærum hjá opinberum aðilum. Þetta má meðal annars sjá í greiningum Sameinuðu þjóðanna og OECD – Efnahags og framfarastofnunarinnar, þar sem leitast er við að meta árangur landa á þessu sviði. Fyrir liggur að árangur Íslands þarfnast úrbóta og t.d. má nefna að í mælingu SP 2014 var Ísland í 65. sæti.

Í vinnuhópnum eiga sæti frá innanríkisráðuneyti Guðbjörg Sigurðardóttir, skrifstofustjóri sem jafnframt er formaður hópsins, og Bryndís Helgadóttir, skrifstofustjóri. Fulltrúar forsætisráðuneytis eru þau Páll Þórhallsson, skrifstofustjóri, og Sif Guðjónsdóttir, lögfræðingur. Árni Gíslason, ritari í innanríkisráðuneyti, er starfsmaður hópsins og Arnar Pálsson, ráðgjafi hjá Capacent, verkefnisstjóri.

Hér á eftir verður fyrst gerð stutt grein fyrir markmiðum samráðs, kjarnaatriðum þess, nánara inntaki og alþjóðlegri þróun á síðustu árum. Því næst verður fjallað um opið samráð á vefjum Stjórnarráðsins, með hliðsjón af völdum lykilatriðum, gildandi regluverki og leiðbeiningum. Jafnframt verður minnst stuttlega á samráð í EES-málum, tekin nokkur dæmi um samráð og fundi vinnuhópsins með fulltrúum ráðuneyta og Alþingis 16. desember 2014, þar sem komu ýmsar ábendingar sem nýttust vel við gerð þessarar samantektar. Að því búnu verður gefið yfirlit yfir fyrirkomulag á samráðsgáttum í sjö löndum: Bretlandi, Danmörku, Finnlandi, Hollandi, Noregi, Eistlandi og Bandaríkjunum. Loks verður gerð grein fyrir ályktunum vinnuhópsins um núverandi stöðu opins samráðs á vefjum ráðuneyta, meginskýringum og hugmyndum um ráðstafanir til úrbóta.

## 2. Hvað er samráð?

---

### 2.1. Markmið

Á vettvangi OECD – Efnahags- og framfarastofnunarinnar er litið á samráð sem verkfæri fyrir stjórnvöld, ásamt t.d. mati á áhrifum, til að stuðla að eftirfarandi markmiðum:<sup>1</sup>

- Aukin gæði í reglusetningu og stefnumótun.
- Aukin sátt og vitund hagsmunaaðila um lög, reglur og stefnur.
- Færri brot á reglum þar sem aðkoma hagsmunaaðila stuðlar að farsælli innleiðingu.
- Aukið gegnsæi.

Sömu hugmyndir koma fram í *Handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa (2007)*, þar sem segir svo um markmið samráðs:<sup>2</sup>

- „Sérfróðir aðilar gætu til dæmis komið auga á efnisleg eða lagatæknileg atriði sem betur mættu fara. Hagsmunaaðilar gætu bent á einfaldari leiðir að settu marki sem fælu t.d. í sér minni kostnað fyrir atvinnulífið án þess að markmiðum væri stefnt í hættu.“
- „Samráð stuðlar að því að forsendur mála liggi fyrir áður en ákvörðun er tekin. Einnig styðst samráð við þau lýðræðisrök að þeir sem ákvarðanir varða eigi þess kost að hafa áhrif á efni þeirra.“
- „Samráð við hagsmunaaðila er líka gagnlegt til þess að koma auga á áhrifin og hversu víðurhlutamikil þau eru.“

Í *Handbók um opinbera stefnumótun og áætlanagerð (2013)* kemur fram að þátttaka hagsmunaaðila í samráði stuðli að betri samstöðu og auki líkur á að stefna komist til framkvæmda.<sup>3</sup>

### 2.2. Kjarnaatriði

Notkun hugtaksins samráð (*e. public consultation*) er iðulega tilvikabundin og merking þess getur því verið nokkuð mismunandi en almennari skilgreiningar finnast einnig. Í nýlegri stefnumótun Reykjavíkurborgar um þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum er hugtakið skilgreint í tengslum við það tiltekna verkefni, en þó með almennt lýsandi hætti:

*Hugtakið samráð í þessu samhengi felur í sér að skapa vettvang samræðna við notendur þjónustunnar, hagsmunasamtök og aðra viðkomandi aðila. Samræðan getur átt við þegar um stefnumótun, skipulagningu þjónustu og upplýsingamiðlun er að ræða. Samráð byggist alltaf á gagnkvæmum samskiptum, þar sem fólk hlustar á hvert annað á jafnræðisgrundvelli og af virðingu.<sup>4</sup>*

---

<sup>1</sup> Background Document on Public Consultation. Slóð: <http://www.oecd.org/mena/governance/36785341.pdf>

<sup>2</sup> Bls. 9, 10 og 12. Slóð: <http://www.forsaetisraduneyti.is/utgafur/handbaekur/>

<sup>3</sup> Bls. 11. Slóð: <http://www.forsaetisraduneyti.is/utgafur/handbaekur/>

<sup>4</sup> Stefna Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum. Sjá nánar á slóðinni:

[http://reykjavik.is/sites/default/files/svid\\_skjol/VEL/lidur\\_4\\_stefna\\_i\\_thjonustu\\_reykjarvikurborgar\\_vid\\_fatlad\\_folk\\_a\\_heimilum\\_sinum\\_-\\_2014.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/svid_skjol/VEL/lidur_4_stefna_i_thjonustu_reykjarvikurborgar_vid_fatlad_folk_a_heimilum_sinum_-_2014.pdf)

Sameinuðu þjóðirnar hafa um nokkurt skeið framkvæmt athugun/mat á árangri þjóða í lýðræðislegri virkni (*e. e-participation*) á netinu. Matinu er skipt í þrjá þætti sem mynda saman svokallaða þátttökuvísitölu sem gefur til kynna hversu langt þjóðir eru komnar á þessu sviði:

1. þáttur - Stjórnvöld **veita aðgengi** að upplýsingum og stefnumótandi skjölum,
2. þáttur - Stjórnvöld **hvetja til þátttöku** í samræðum um stefnur og ákvarðanir,
3. þáttur - Stjórnvöld **hvetja og taka þátt** í samráði í krafti sameiginlegrar aðkomu.

Ísland hefur mælst neðarlega í samanburði við önnur lönd og fékk t.a.m. ekkert stig fyrir 3. þáttinn í mælingu 2014, þ.e. að virkni samráðs náí því stigi að stjórnvöld hvetji og taki þátt í samráði á vefnum um reglusetningu og stefnumótandi ákvarðanir.

Danmörk og Svíþjóð náðu ekki heldur stigi í þessum þætti en þar kom Finnland best út ásamt Noregi, ef litið er til Norðurlandanna.<sup>5</sup> Holland og Suður-Kórea eru einu löndin sem mældust með fullt hús stiga í öllum þáttum og tróna efst á heimsvísu í þátttökuvísitölunni.

OECD miðar einnig við þrjú sambærileg kjarnatriði, nánar tiltekið svo:<sup>6</sup>

1. Tilkynningar (*e. notification*). Stjórnvöld **miðla upplýsingum** til almennings sem verður fyrir vikið upplýstur en ekki virkur þátttakandi. Tilkynning getur falið í sér að hagsmunaaðilum og áhugasömum gefst ráðrúm til undirbúnings fyrir samráð á síðari stigum.
2. Samráð (*e. consultation*). Stjórnvöld **leita markvisst til** þeirra sem hafa hagsmuna að gæta og/eða áhuga á viðkomandi málefni. Samtalið virkar í báðar áttir og getur tekið til hvaða stigs vinnunnar sem er, frá því hafist er handa við að greina vanda og til þess að meta árangur gildandi reglna (eða stefnu).
3. Þátttaka (*e. participation*). Stjórnvöld **virka og taka þátt** í samtali við hagsmunaaðila.

Innan Stjórnarráðsins er ekki stuðst við samræmda hugtakanotkun í þessu efni. Í *Hugtakasafni þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins* og *Handbók um opinbera stefnumótun og áætlanagerð (2013)* er að finna orðskýringar sem komið geta að góðu gagni og hægt að auka við.<sup>7</sup> Að mati

<sup>5</sup> Sjá nánar um stöðu þjóða samkvæmt úttekt Sameinuðu þjóðanna á slóðinni: <http://unpan3.un.org/egovkb/en-us/Data-Center>

<sup>6</sup> „Public Consultation: Core Elements“ á slóðinni: <http://www.oecd.org/mena/governance/36785341.pdf>

<sup>7</sup> Slóð: <http://www.forsaetisraduneyti.is/media/utgefifnir/handbok-stefnumotun.pdf> og <http://www.hugtakasafn.utm.stjr.is/>

**65**  
- sæti Íslands  
í mælingum 2014

**83**  
- sæti Íslands  
í mælingum 2012

**0**  
- einkunn Íslands  
í 3. þætti  
(*e-decision making*)

vinnuhópsins er m.a. þörf á að festa í sessi íslenskar þýðingar á eftirfarandi fimm megináðferðum við samráð:<sup>8</sup>

- 1) "Informal consultation."
- 2) "Circulation of regulatory proposals for public comment."
- 3) "Public notice-and-comment."
- 4) "Public hearings."
- 5) "Advisory bodies."

Á árinu 2014 tóku íslensk stjórnvöld þátt í „OECD - Regulatory Policy Indicators Questionnaire 2014“, þar sem m.a. er spurt um „Stakeholder engagement and transparency“. Endanlegar niðurstöður liggja ekki fyrir við útgáfu þessa stöðumats en ljóst er þó að ástæða er til úrbóta hérlandis.<sup>9</sup>

### 2.3. Opið samráð á netinu og annars konar samráð

Vettvangur samráðs og val á samráðsaðilum getur eðli máls samkvæmt verið með ýmsu móti. T.d. getur tilteknum hagsmunaaðilum verið boðið að taka þátt í starfi nefndar eða starfshóps sem síðan semur t.d. lagafrumvarp. Sömuleiðis geta drög að lagafrumvarpi verið sérstaklega send til umsagnar hjá tilteknum aðilum. Samráð af þessu tagi er ekki til umfjöllunar hér en ljóst að það er algengt hér á landi. Þá geta mismunandi tegundir samráðs að sjálfsögðu átt sér stað samhliða eða á mismunandi stigum í ferli máls. Jafnframt fellur samráð á vegum Alþingis utan við umfjöllunarefnið hér, en það er meira hér á landi en víðast hvar annars staðar. Þess má geta að annmarki samráðs innan nefnda og starfshópa er væntanlega sá að þar er um takmarkaðan hóp einstaklinga að ræða, og stundum mætti jafnvel spyrja hvort hagsmunahópar hafi of mikil áhrif. Annmarki þess að einskorða samráð við meðferð Alþingis er að það á sér stað mjög seint í ferlinu.

Í þessari samantekt verður fyrst og fremst fjallað um samráð sem fellur undir eftirfarandi skilgreiningu:

*Samráð á netinu sem er opið almenningi og hverjum sem er gefst tækifæri til að tjá sig. Skýrar leiðbeiningar eru til staðar um með hvaða hætti ábendingum er komið á framfæri. Annað hvort berast athugasemdir almennings í gegnum netið og /eða netfang sem er greinilega kynnt á heimasíðu stjórnvalda. Ekki er nægjanlegt að birta tillögur um reglusetningu á netinu án þess bjóða upp á möguleika til innsendra ábendinga.*

Í vefhandbók innanríkisráðuneytis um opinbera vefi er fjallað um samráð sem felur í sér að

*almennigur geti með einum eða öðrum hætti átt í opnum og gagnsæjum samskiptum við ráðuneyti, stofnanir eða sveitarfélög [...]. [Þá er] átt við samskipti í báðar áttir, stofnanir hlusta ekki eingöngu á íbúa heldur taka þátt í samræðum eftir því sem við á og fara skipulega yfir tillögur og taka tillit til þeirra eins og kostur er.<sup>10</sup>*

Samráð á netinu gefur almenningi tækifæri til þess að koma að reglusetningu og stefnumótandi ákvörðunum, en um leið getur það hentað (öðrum) hagsmunaaðilum, svo sem í atvinnulífi, fræðasamfélagi, stjórnsýslu og stjórnmalum. Jafnframt er ljóst að opið samráð á netinu þarf alls ekki að ryðja út annars konar (hefðbundnari) samráðsferlum, heldur getur farið fram samhliða þeim og ýmis tækifæri geta falist í að samþætta slíka ferla.

<sup>8</sup> Sjá: <http://www.oecd.org/mena/governance/36785341.pdf>

<sup>9</sup> Slóð: <http://www.oecd.org/regreform/indicators-rms.htm>

<sup>10</sup> Lýðræðisleg virkni, umfjöllun í vefhandbók innanríkisráðuneytis á slóðinni: <http://www.ut.is/vefhandbok/yfirlit/lydraedi/>

## 2.4. Nánara inntak – opið samráð á netinu

Ekki liggur skýrt fyrir hvernig útreikningar Sameinuðu þjóðanna á þátttökuvísitölu, sbr. kafla 2.2., sundurliðast og í því samhengi er fremur við OECD að styðjast. Þar hefur verið unnið að þróun viðmiðana við mat á umfangi og inntaki (gæðum) samráðs við undirbúning reglusetningar. Í því sambandi hefur verið litið til þeirra fimm lykilþátta sem hér fara á eftir. Undir hverjum þætti eru tíunduð atriði sem gefa yfirsýn yfir þá breidd sem fyrir hendi getur verið en ljóst er að aðildarríkin hafa tekið mismunandi stefnu í þeim efnum.<sup>11</sup> Almenn má segja að OECD hvetji til aukins samráðs við bæði hagsmunaaðila og almenning og leggi áherslu á gegnsæi.

### 1. Við hverja er haft samráð?

- Skilgreindir hagsmunaaðilar?
- Almennungur (sem einnig getur talist meðal hagsmunaaðila)?
- Er mögulegt að sjá tímanlega og vera jafnvel áskrifandi að upplýsingum um að samráð um tiltekið efni sem viðkomandi telur áhugavert (eftir atvikum) sé í uppsiglingu?

### 2. Um hvað er haft samráð?

- Fyrirætlanir um nýja reglusetningu/stefnumótun?
- Fyrirætlanir um breytingar á reglum/stefnu?
- Drög að reglum eða stefnu/stefnu?
- Ábendingar um breytingar á reglum/stefnu?
- Eru fyrir hendi viðmið („þröskuldar“) stjórnvalda um hvað eigi að birta á netinu (og hvað ekki) og á hvaða stigi vinnslu?
- Fer samráð fram oft en einu sinni í hverju ferli, t.d. bæði varðandi skilgreiningu á eðli vandans (og hugsanlegum lausnum) og á síðari stigum (um fyrirbyggjandi drög)?

### 3. Hvaða tímafrestir eru gefnir, hvar og hvernig taka menn þátt?

- Tímafrestir geta verið fastir, lágmarkstími áskilinn eða tímafrestir alfarið breytilegir – sé yfirleitt skylt að samráð af þessu tagi fari fram.
- Vettvangur samráðs getur verið vefsíða viðkomandi stjórnvalds eða sérstök „samráðsgátt“ þar sem nálgast má öll samráðsferli stjórnvalda.
- Þátttaka getur verið eftir ýmsum leiðum, m.a. tölvupósti, vefformi, spurningalistum eða könnunum.

### 4. Hvaða gögn liggja til grundvallar?

- Undirbúningsgögn (frá fyrri og síðari stigum málsins), t.d. grænbók, hvítbók, minnisblað um nauðsyn lagasetningar o.s.frv.?
- Drög að reglum?

### 5. Hvernig er farið með afrakstur og úrvinnslu samráðs?

- Athugasemdir þátttakenda birtar á netinu, annað hvort í heild eða samandregnar í formi skýrslu (getur verið mjög stutt)?
- Viðbrögð stjórnvalda birt?

---

<sup>11</sup> Litið var til *OECD Regulatory Policy Questionnaire 2014 – Stakeholder engagement and transparency*.

- Skýrt samhengi á milli þeirrar útfærslu/niðurstöðu sem verður fyrir valinu og þeirra ábendinga sem bárust (þær teknar til greina eða ekki)?

Í kafla 3 hér á eftir verður fjallað um virkni og gegnsæi samráðsferla á vefjum Stjórnarráðsins í ljósi ofangreindra efnisatriða.

## 2.5. Alþjóðleg þróun á síðustu árum

Bráðabirgðaniðurstöður OECD (apríl 2015) á samráði aðildarríkjanna við undirbúning reglusetningar benda til þess að þróunin sé í megindráttum svo sem hér segir:<sup>12</sup>

- Þjóðir sjá í auknum mæli mikilvægi þess að bjóða upp á aðkomu hagsmunaaðila.
- Markmið með þátttöku hagsmunaaðila eru breytileg eftir viðfangsefni og mikilvægi; taka þarf tillit til þess að ólík verkfæri (ferla) þurfi til að ná ólíkum markmiðum.
- Enn er algengast að samráði sé beitt í síðustu áföngum stefnumótunar.
- Ríki leggja fyrst og fremst áherslu á að auka aðkomu hagsmunaaðila í endurskoðun á núgildandi stefnum, löggjöf eða reglum. Umtalsvert minna er um að lönd opni á samtal við mótun og innleiðingu stefnu eða við eftirlit.
- Upplýsingatækni gegnir sífellt stærra hlutverki í samráðsferlum og mörg lönd eru að gera tilraunir með notkun hennar við samráð. Oftast er þó verið að stíga tiltölulega lítil skref í átt að auknu samráði svo gert er ráð fyrir að margt muni breytast á næstu árum.
- Þrátt fyrir margar jákvæðar breytingar er enn langur vegur ófarinn við að breyta menningu og vinnulagi og yfirstíga þar með hindranir á leiðinni til skilvirkrar og gegnsærrar þátttöku hagsmunaaðila.
- Það er erfitt að sýna fram á að með þátttöku hagsmunaaðila sé verið að ná settum markmiðum eða auka gæði, því mælanleg markmið skortir.

OECD metur það því þannig að þrátt fyrir að mörg lönd séu komin vel áleiðis með að prófa sig áfram í þessum efnum sé langt til lands og að hið stóra viðfangsefni, eða „áskorunin“ nú, tengist menningarlegum þáttum og hefðum innan stjórnsýslu viðkomandi landa, fremur en því hvernig upplýsingatækni verði nýtt með snjöllum hætti.

<sup>12</sup> Byggt á helstu niðurstöðum úr REGULATORY POLICY OUTLOOK - Key messages and preliminary results from the 2014 Regulatory Indicators Survey frá OECD.



### 3. Opið samráð á vefjum Stjórnarráðsins

---

#### 3.1. Nálgun

Hér verður fjallað um opið samráð á vefjum ráðuneyta í ljósi eftirtalinna fimm lykilatriða, sbr. kafla 2.4:

- 1) *Hversu oft opið samráð á netinu?*
- 2) *Um hvað var haft samráð?*
- 3) *Hvar, hvernig og hve lengi var hægt að taka þátt?*
- 4) *Hvaða gögn lágu til grundvallar?*
- 5) *Hvernig var farið með afrakstur og úrvinnslu samráðsins?*<sup>13</sup>

Varðandi fyrstnefnda atriðið er stuðst við samantekt forsætisráðuneytis, í tilefni af fyrirspurn OECD, um hlutfall opins samráðs við almenning á vefjum ráðuneyta á tímabilinu 2011-2013. Samantektin nær þó einungis til stjórnarfrumvarpa sem urðu að lögum og tölur liggja ekki fyrir um önnur frumvörp, reglugerðir eða stefnur. Að því er varðar hin atriðin fjögur er byggt á athugun vinnuhópsins á vefjum ráðuneytanna 3. mars 2015, þegar leitað var upplýsinga um tímabilið 1.1.2014 – 3.3.2015. Þannig er um að ræða tvö tímabil og mun fleiri skjalaflokkar til skoðunar í því síðara en því fyrra.

Markmiðið er að varpa ljósi á núverandi virkni og gegnsæi samráðsferla á netinu. Niðurstöðurnar eru teknar saman í kafla 5.1. Tekið skal fram að tvö ráðuneyti, nánar tiltekið forsætisráðuneyti og utanríkisráðuneyti, höfðu ekki staðið fyrir opnu samráði um frumvörp, reglugerðir eða stefnur á vef sínum á tímabilinu 1.1.2014-3.3.2015, en frumvörp og reglugerðir á verkefnasviðum þeirra eru mun fátíðari en hjá öðrum ráðuneytum. Stjórnarskrárnefnd, sem starfar á vegum forsætisráðuneytis og fjallað er um á undirvefnum stjórnarskra.is, stóð þó fyrir opnu samráðsferli vegna útgáfu á 1. áfangaskýslu sinni um mitt ár 2014. Þá er ljóst að sum verkefni ráðuneyta eru þess eðlis að opinber birting á fyrri stigum er óheppileg eða óeðlileg. Fjármála- og efnahagsráðuneyti sinnir t.d. mörgum verkefnum af slíku tagi og má nefna skatta- og gjaldeyrismál í því samhengi.

#### 3.2. Regluverk og leiðbeiningar

Til grundvallar samráði á vegum ráðuneyta eru eftirfarandi reglur og viðmiðanir, annars vegar fyrir Stjórnarráðið almennt og hins vegar fyrir einstök ráðuneyti sérstaklega:

- *Reglur um starfshætti ríkisstjórnar*, nr. 11/2013, sbr. lög um Stjórnarráð Íslands, nr. 115/2011, einkum 5. mgr. 7. gr.
- Í *Handbók um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa (2007)* er nokkuð ítarleg almenn umfjöllun um samráð. Í þá handbók er vísað í bæði áður nefndum reglum og í *Starfsmannahandbók Stjórnarráðsins*. Þess ber að geta að endurskoðun hennar stendur nú yfir.
- Sum ráðuneyti hafa sett sér sérstakar *gæðahandbækur*, til viðbótar við framangreinda Starfsmannahandbók, og í tveimur þeirra (IRR og VEL) er fjallað sérstaklega um samráð við aðila utan viðkomandi ráðuneytis.
- Í *Handbók um opinbera stefnumótum og áætlanagerð (2013)* er að finna leiðbeiningar um vönduð vinnubrögð við samráð, einkum við hagsmunaaðila en einnig fjallað um þátttöku

---

<sup>13</sup> Nánar tiltekið vefirnir anr.is, fjr.is, for.is, irr.is, mrn.is, uar.is, utn.is og vel.is.

almennings.<sup>14</sup> Þess ber að geta að stefnuráð Stjórnarráðsins, sem stofnað var til í nóvember 2014, hefur það meginverkefni að móta (frekari) viðmið fyrir stefnumótun og áætlanagerð innan Stjórnarráðsins, auk þess að efla og samhæfa vinnubrögð ráðuneyta með fræðslu, ráðgjöf og tilmælum.


- Loks geta verið fyrir hendi sérstakar áherslur ríkisstjórnar í þessum efnum varðandi tiltekna málaflokka, sérákvæði í lögum eða erindisbréfum.

Um tengsl regluverks og leiðbeininga við núverandi virkni og gegnsæi samráðsferla á netinu er að öðru leyti fjallað í köflum 3.3.-3.7.

### 3.3. Hversu oft opið samráð á netinu?

Þar sem umfjöllunarefni þessarar samantektar er opið samráð á netinu verður ekki fjallað hér um samráð af öðru tagi, svo sem þegar hagsmunaaðilar tóku þátt í starfi nefndar sem lá til grundvallar frumvarpi eða fengu drög send til umsagnar frá ráðuneyti eða Alþingi.

Teknar hafa verið saman upplýsingar um hversu oft haft var samráð við almenning á tímabilinu 2011-2013, þ.e. hlutfall opins samráðs á vefjum ráðuneyta. Einungis var litið til stjórnarfrumvarpa sem urðu að lögum og þau stjórnarfrumvörp sem ekki náðu fram að ganga eru því hér utan við.<sup>15</sup>



Mynd 1. Stjórnarfrumvörp sem urðu að lögum, skipt eftir því hvort þau voru birt/ekki birt á vef ráðuneyta og kostur gefinn á athugasemdum

Sjá má að hlutfall umræddra birtinga á netinu er lágt en fer lítillega vaxandi. Ekki liggur fyrir í hve miklum mæli drög að reglugerðum eða stefnum hafa verið sett í opið samráð á vefjum ráðuneyta en ljóst er þó að eitthvað er um slíkt. Vinnuhópurinn telur ríka ástæðu til að ráðuneyti auki opið samráð á netinu stórlega og jafnframt er æskilegt að tölfraði um slíkt sé tekin saman reglubundið og birt.

Ástæður þessa lága hlutfalls má e.t.v. rekja til þeirra reglna sem um undirbúning stjórnarfrumvarpa, reglugerða og stefna gilda. Þar er ekki kveðið á um **almenna skyldu** ráðuneyta, með nauðsynlegum undantekningum, til opins samráðs á netinu, hvorki varðandi hagsmunaaðila né almenning. Lög eða erindisbréf geta þó mælt fyrir um sérstaka skyldu til samráðs við almenning vegna tiltekinna mála, svo sem gerð skipulagsáætlana (sbr. skipulagslög nr. 123/2010) og varðandi umhverfisáhrif framkvæmda (sbr. lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000). Sama máli gegnir um skyldu til sérstaks samráðs

<sup>14</sup> Slóð: <http://www.forsaetisraduneyti.is/utgafur/handbaekur/>

<sup>15</sup> Forsætisráðuneytið tók saman, m.a. á grundvelli upplýsinga frá öðrum ráðuneytum.

við tiltekna aðila, t.d. íbúa í tilteknu sveitarfélagi (sbr. sveitarstjórnarlög nr. 138/2011) eða aðra ráðherra og ráðuneyti (sbr. reglur um starfshætti ríkisstjórnar nr. 11/2013, einkum 2. og 1. mgr. 11. gr., sbr. lög um Stjórnarráð Íslands nr. 115/2011, einkum 5. mgr. 7. gr. og 8. gr.).

Að því er varðar **almenn tilmæli** til ráðuneyta ber hér að geta um *Aðgerðaáætlun um einfaldara og skilvirkara regluverk fyrir atvinnulífið*, sem samþykkt var í ríkisstjórn 24. maí 2013. Þar er gert ráð fyrir að „þess verði sérstaklega gætt við undirbúning lagafrumvarpa sem varða atvinnulífið að um þau sé haft víðtækt samráð ...“. Ekki er þó sérstaklega tekið fram að haft skuli opið samráð við almenning á netinu. Jafnframt er almennt hvatt til samráðs í *Handbók um undirbúning lagafrumvarpa (2007)*, að því er varðar „veigameiri“ frumvörp. Í *Handbók um opinbera stefnumótun og áætlanagerð (2013)* er horft á samráð af þessu tagi út frá tveimur hópum, í fyrsta lagi „skilgreindum hagsmunaaðilum“ sem þurfi að eiga kost á að nálgast upplýsingar, fylgjast með framvindu verkefnisins og koma að ferlinu, t.d. á netinu. Þá er einnig bent á að auðvelda þurfi þátttöku „almennings“ í stefnumótunarferlinu þannig að hann geti aflað sér víðtækra upplýsinga um málið, komið sjónarmiðum sínum og þekkingu á framfæri og nýtt sér nútímatækni til að gera það á sem skilvirkastan máta.

Ljóst er að tilvikabundið mat fer fram hverju sinni og niðurstaðan langoftast sú að opið samráð á vef ráðuneytis fari ekki fram. Þetta á við þó að á vefjum þriggja ráðuneyta, sbr. einnig gæðahandækur, komi fram að drög að frv., rg. og stefnum séu „jafnan“ sett á vefinn, sjá nánar hér á eftir.

Sé litið til athugunar á vefjum ráðuneyta fyrir tímabilið 1.1.2014 – 3.3.2015 skal þess fyrst getið að upplýsingar um opið samráð í uppsiglingu voru ekki fyrir hendi, nema að því marki sem þingmálaskrá ríkisstjórnar upplýsti almennt séð hvaða mál ráðgert væri að leggja fram og án sérstakrar umfjöllunar um þetta atriði.

Í einungis tveimur tilvikum var möguleiki á að gerast „áskrifandi“ að efni sem ráðuneytin setja á vef til samráðs. Sú áskrift er þó ekki tengd málaflokkum, að því er séð verður, og utanumhald að sama skapi erfiðara. Möguleikar á áskrift virðast augljóslega til þess fallnir að auka þátttöku almennings.

Möguleikar á áskrift	
irr.is, mrn.is	Já
anr.is, fjr.is, for.is, uar.is, utn.is, vel.is	Nei

### 3.4. Um hvað var haft samráð?

Skjöl í opnu samráðsferli á netinu 1.1.2014 – 3.3.2015 voru fyrst og fremst drög að lagafrumvörpum og reglugerðum, auk fáeinna skjala af öðrum toga. Fyrri stig í vinnslu mála, svo sem umfjöllun um eðli vanda og hugsanlegar lausnir (fyrirætlanir um nýja reglusetningu eða breytingar á gildandi reglum) voru hins vegar ekki sýnileg.

Ekki var kannað sérstaklega hvort samráð vegna viðkomandi mála hefði farið fram oftast en einu sinni í hverju ferli, t.d. bæði varðandi skilgreiningu á eðli vandans (og hugsanlegum lausnum) og á síðari stigum (um fyrirbyggjandi drög).

## Tegundir skjala í samráðsferli á tímabilinu 1/1 2014-3/3 2015

<b>anr.is</b>	Frv. (3)
<b>fjr.is</b>	Frv. (2) – Rg. (1)
<b>irr.is</b>	Frv. (7) – Rg. (13)
<b>mrn.is</b>	Frv. (6) – Handbók (1)
<b>uar.is</b>	Frv. (4) – Rg. (1) – Stefna (1)
<b>vel.is</b>	Frv. (5) – Rg. (2) – Þál. (1)
<b>for.is, utn.is</b>	Engin tilvik 1/1 14-3/3 15.

Ekki var gert ráð fyrir þeim almenna möguleika að almenningur eða hagsmunaaðilar kæmi á framfæri ábendingum um nauðsynlegar breytingar á gildandi reglum. Slíkur vefur er þó fyrirhugaður. Í *Aðgerðaáætlun um einfaldara og skilvirkara regluverk fyrir atvinnulífið*, sem samþykkt var í ríkisstjórn 24. maí 2013, er gert ráð fyrir að „opnaður verði vefur þar sem almenningi verði gert kleift að koma á framfæri ábendingum um hvernig megi einfalda reglur eða stjórnsýsluframkvæmd sem varðar atvinnulífið og draga úr kostnaði“.<sup>16</sup>

Almenna stefnu ráðuneytis um opið samráð á netinu var einungis að finna á þremur vefjum. Að sama skapi er erfitt fyrir almenning að átta sig á því að þar geti verið vettvangur fyrir þátttöku (lýðræðislega virkni) og gegnsæi við opinbera ákvarðanatöku. Þá er ekki útskýrt hvaða viðmiðanir („þröskuldar“) gilda þegar metið er hvað á að birta á netinu.

## Miðlun almennra upplýsinga um stefnu ráðuneytis varðandi opið samráð á netinu

<b>irr.is, mrn.is</b>	Á vef ráðuneytis kemur fram að drög að frv., rg. og stefnum eru „jafnan“ sett á vefinn og „hæfilegur tími“ gefinn til umsagna, ábendinga og athugasemda.
<b>uar.is</b>	Á vef ráðuneytis kemur fram að drög að frv., rg. og stefnum eru „jafnan“ sett á vefinn til umsagnar. „Sömuleiðis er á stundum tilefni til að kalla eftir skoðunum almennings í aðdraganda slíkrar vinnu. Þá vekur ráðuneytið gjarnan athygli almennings á því þegar Evrópusambandið óskar eftir samráði við almenning í tengslum við málefni sem heyra undir EES-samninginn.“
<b>anr.is, fjr.is, for.is, vel.is. utn.is</b>	Nei

<sup>16</sup> Slóð: <http://www.forsaetisraduneyti.is/media/frettir2/adgerdaaetlun-einfaldara-regluverk.pdf>

### 3.5. Hvar, hvernig og hve lengi var hægt að taka þátt?

Vefir ráðuneyta, átta talsins, bjóða flestir upp á opið samráð í einhverjum mæli en nálgast það með mismunandi hætti. Samráðsferlum ráðuneyta og stofnana er þannig ekki safnað saman á einn stað líkt og í öðrum þeim löndum sem litið er til í þessu stöðumat. Þar með verður samráðið minna sýnilegt almenningi og jafnframt erfiðara að henda reiður á fjölda mála sem borin hafa verið upp með þessum hætti hér á landi.

Staðsetning samráðsferla er mismunandi og sýnileiki þeirra að sama skapi. Þá er að finna á upphafssíðu í þremur tilvikum, á undirsíðu í einu tilviki og ósérgreint undir „Fréttir“ í tveimur tilvikum. Það er því ekki alltaf einfalt að finna þau mál sem eru í samráðsferli, einkum ef viðkomandi er ekki þegar kunnugur fyrirkomulagi á viðkomandi vef.

Staðsetning (sýnileiki) á vefjum ráðuneyta	
<b>irr.is, mrn.is, uar.is</b>	Valstika á upphafssíðu. Mismunandi yfirskrift: <ul style="list-style-type: none"><li>„Drög í umsagnarferli“, undir yfirskriftinni „Styttu þér leið“. (irr.is)</li><li>„Samráð“, undir yfirskriftinni „Styttu þér leið“. (mrn.is)</li><li>„Í umsagnarferli“. (uar.is)</li></ul> Tenging við „Fréttir“.
<b>anr.is</b>	Valstika á 1. undirsíðu („Frumvarpsdrög til umsagnar“). Tenging við „Fréttir“.
<b>fjr.is, vel.is</b>	Í frétt (um tiltekið frv. eða annað skjal) – nýjustu fréttir á forsíðu en færast síðan á undirsíðu.
<b>for.is, utn.is</b>	Engin tilvik 1/1 14-3/3 15.

Almennt var miðað við að athugasemdir yrðu sendar inn með tölvupósti á netfang ráðuneytis en á einum vef var auk þess að finna sérstakt eyðublað fyrir slíka umsögn. Í nokkrum tilvikum voru gefin upp nöfn og netföng starfsmanna sem veitt gætu nánari upplýsingar. Í *Handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa (2007)* er bent á þann möguleika að birta nafn tengiliðs til að svara fyrirspurnum á samráðstímanum. Slíkt er mjög æskilegt og er t.d. að jafnaði gert hjá Bretum. Á einum vef var óskað eftir því að athugasemdir yrðu settar fram með vísan til tiltekinna greina frumvarps.

Beintenging við málaskrá, kannanir eða önnur tæknileg virkni (hagræði) við úrvinnslu var hvergi fyrir hendi. Þátttakendur gátu ekki rætt saman, svo sem á umræðutorgum, eðaséð framlag annarra. Gegnsæi er því takmarkað. Ekki er gert ráð fyrir innskráningu (með persónuauðkenni) á vef og því getur verið erfiðleikum bundið að átta sig á sendanda.

Þrátt fyrir að sumir vefir ráðuneytanna hafi tengingu við samfélagsmiðla, sem auðveldar samráðsaðilum að deila efni í þann farveg, er ekki gert ráð fyrir að samfélagsmiðlar séu hluti af hinu formlega samráðsferli.

Samskiptaleiðir í boði og tenging við samfélagsmiðla	
<b>anr.is</b>	Tölvupóstur. Bréf.

<b>fjr.is</b>	Tölvupóstur. Bréf. Í tveimur tilvikum gefin upp nöfn og netföng stm. sem veitt gætu nánari uppl.
<b>irr.is</b>	Tölvupóstur. Vefeyðublað.
<b>mrn.is</b>	Tölvupóstur. Óskað eftir „að athugasemdir verði settar skilmerkilega fram og með vísan til tiltekinna greina frumvarpsins þegar það á við.“ Í tveimur tilvikum gefin upp netföng viðk. stm.
<b>uar.is, vel.is</b>	Tölvupóstur
<b>for.is, utn.is</b>	Engin tilvik 1/1 14-3/3 15.

Tímafrestrir voru mismunandi hvort heldur á milli ráðuneyta eða innan sama ráðuneytis, frá sex almanaksdögum (fyrsti og síðasti dagur báðir taldir með að fullu) og upp í 81 almanaksdag. Engar bindandi reglur eru gefnar út af hálfu ráðuneytanna er snúa að fyrirkomulagi samráðs. Í *Handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa (2007)* er þó bent á æskilegan tímafrestr í samráði á netinu. Of skammur tími er augljóslega til þess fallinn að draga úr möguleikum til þátttöku og minnka virkni almennings í þessum efnunum.

Tímafrestrir sem gefnir voru í samráðsferli	
<b>anr.is</b>	2/7-8/8 14. 27/6-20/8 14. 3/6-30/6 14. [Dagafjöldi: 38, 54, 28]
<b>fjr.is</b>	13/10-20/10.14. 5/8-4/9 14. 30/5-18/8 14. [Dagafjöldi: 8, 31, 81]
<b>irr.is</b>	16/2-27/2 15. 10/2-19/2 15 (2). 6/2-20/2 15 (3). 21/1-4/2 15. 14/1-21/1 15. 9/1-30/1 15. 9/1-22/1 15. 8/1-30/1 15. 23/12-14/1 15. 22/12-5/1 15. 18/12-5/1 15. 16/12-8/1 15 (2). 10/12-17/12 14. 14/11-21/11 14. 5/11-17/11 14. 4/11-17/11 14. [Dagafjöldi: 11, 10, 15, 15, 8, 22, 14, 23, 23, 15, 19, 24, 8, 8, 13, 14]
<b>mrn.is</b>	23/2-5/3 15 (2). 15/1-12/2 15. 17/10-7/11 14. 14/10-31/10 14. 13/10-26/10 14. 18/7-6/8.14. [Dagafjöldi: 11, 29, 22, 18, 14, 20]
<b>uar.is</b>	28/1-6/2 15. 12/12-23/1 15. 27/10-10/11 14. 24/10-7/11 14. 26/9-11/10 14. 9/9-24/9 14. [Dagafjöldi: 10, 43, 15, 15, 16, 16]
<b>vel.is</b>	10/2-15/2 15. 5/1-20/1 15. 30/12-13/1 15. 19/12-9/1 15. 18/11-2/12 14. 17/2-28/2 14 (3). [Dagafjöldi: 6, 16, 15, 22, 15, 12]
<b>for.is, utn.is</b>	Engin tilvik 1/1 14-3/3 15.

### 3.6. Hvaða gögn lágu til grundvallar?

Boð um samráð grundvallaðist langoftast á stuttri samantekt um viðkomandi mál, með tengingu á drög að viðkomandi skjali, fyrst og fremst frumvarp, reglugerð eða stefnu. Þess voru þó dæmi að drögum að reglugerð fylgdu sérstakar skýringar, drögum að lagafrumvarpi fylgdi „samanburðartafla“ með samanburði við gildandi reglur og að vísað væri í skýrslu sem tekið hefði verið mið af (þó án tengils).

## Gögn til grundvallar samráði (skjal meðfylgjandi eða tengill)

<b>anr.is, fjr.is, irr.is, mrn.is, uar.is, vel.is,</b>	Drög að viðkomandi skjali sem óskað er samráð um. Ýmis dæmi um fylgiskjöl: <ul style="list-style-type: none"><li>• Myndir (glætur) í 1 tilviki. (anr.is).</li><li>• Skýringar með rg.drögum í 4 tilvikum. (irr.is).</li><li>• „Samanburðartafla“ meðfylgjandi 2 frv. (mrn.is)</li><li>• Glærुकyning á meginatriðum í 1 tilviki og drög að fyrirmælum stjórnvalds í 1 tilviki. (vel.is)</li></ul>
<b>for.is, utn.is</b>	Engin tilvik 1/1 14-3/3 15.

Ekki liggur fyrir hvort viðkomandi málum hefðu getað fylgt fleiri skjöl, svo sem skýrslur, greinargerðir eða minnisblöð um tilefni og nauðsyn lagasetningar, en gögn um ástæður og undirbúning viðkomandi skjals eru augljóslega til þess fallin að auka gegnsæi. Sama máli gegnir um skjöl sem sýna fyrirhugaðar breytingar í samanburði við texta gildandi reglna („samanburðartafla“). Hið síðastnefnda hefur þá jafnan verið útbúið „handvirkt“, með aðstoð ritvinnsluforrits. Nánar tiltekið hefur þá tveimur skjölum verið steipt saman og mismunur í texta þeirra auðkenndur en möguleikar á annars konar tæknilegri virkni í því efni eru ýmsir. Þess eru dæmi að í gæðahandbókum ráðuneyta sé gert ráð fyrir að slíka tafla sé unnin.<sup>17</sup>

Í *Handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa (2007)* er bent á að heppilegt geti verið að birta önnur gögn vegna samráðsins heldur en eingöngu frumvarpsdrög. Þar gæti verið um að ræða stöðuskýrslur, kostnaðarmat frumvarps og fleira en það er alfarið lagt í hendur ráðuneytanna að meta þörf fyrir slíkt. Allur gangur er á því hvort þetta er gert eða ekki.

### 3.7. Hvernig var farið með afrakstur og úrvinnsla samráðs?

Afrakstur samráðs, þ.e. innsendar umsagnir og ábendingar almennings og/eða hagsmunaaðila í heild eða útdrætti, var ekki að finna á vefjum ráðuneyta í tengslum við samráðsferla.<sup>18</sup> Þannig höfðu ráðuneytin ekki unnið lokaskýrslur um samráðið, þ.e. tekið saman fjölda innsendra ábendinga, gefið yfirlit yfir efnisatriði helstu ábendinga eða afstöðu ráðuneytisins gagnvart einstökum efnisatriðum. Jafnframt er óljóst um viðbrögð stjórnvalda gagnvart þátttakendum. Á einungis einum vef var að finna almennar upplýsingar um úrvinnslu ráðuneytis, nánar tiltekið vísan til endanlegs lagafrumvarps (án tengils).

## Afrakstur og úrvinnsla athugasemda eða upplýsingar um hvar slíkt sé að finna

<b>mrn.is</b>	Almennt: [athugasemdir] „verða hafðar til hliðsjónar við undirbúning endanlegs frumvarps sem fyrirhugað er að leggja fram á ...“  Á mrn.is er hægt að sjá eldri skjöl sem verið hafa til umsagnar 2011-2014.
---------------	--

<sup>17</sup> Sbr. *Verklagsreglur IRR um vinnslu og framlagningu lagafrumvarpa* (útg. frá sept. 2014) og *Leiðbeiningar VEL um gerð lagafrumvarpa* (útg. frá maí 2014).

<sup>18</sup> Dæmi um slíkt má þó finna, sjá t.d. <http://www.atvinnuvegaraduneyti.is/idnadar-og-vidskiptamal/frettir/nr/8382>.

<b>anr.is, fjr.is, irr.is, uar.is, vel.is</b>	Nei Á irr.is er hægt að sjá eldri skjöl sem verið hafa til umsagnar 2013-2014.
<b>for.is, utn.is</b>	Engin tilvik 1/1 14-3/3 15

Gegnsæi við afrakstur og úrvinnslu athugasemda er því takmarkað og ekki kveðið á um skyldu eða meginreglu í þessu efni. Almennt má segja að gert sé ráð fyrir að hvert tilvik sé metið. Upplýsingar á samráðssíðu, þar sem hún er fyrir hendi, eru ekki uppfærðar eftir því sem viðkomandi máli vindur fram og tæknileg virkni (hagræði) við úrvinnslu ekki fyrir hendi.

Hér ber þess að geta að í almennum athugasemdum við lagafrumvörp skal gera grein fyrir því hverja frumvarp snerti fyrst og fremst, hvernig samráði hafi verið háttað, hvaða sjónarmið komu fram og hvaða áhrif samráðið hafi haft á fyrirbyggjandi frumvarp, sbr. 2. mgr. 11. gr. reglna nr. 11/2013 um starfshætti ríkisstjórnar.<sup>19</sup> Slíkt er almennt gert í framkvæmd og umfjöllun um þessi atriði, misítarlegar, birt í almennum athugasemdum með frumvarpi. Áður en stjórnarfrumvarp verður tekið til meðferðar í ríkisstjórn skal liggja fyrir umsögn skrifstofu löggjafarmála í forsætisráðuneytinu um það hvort frumvarpið hafi verið unnið í samræmi við gildandi reglur.<sup>20</sup> Ljóst er þó að ekki er kveðið á um almenna skyldu ráðuneyta til opins samráðs á netinu, hvorki varðandi hagsmunaaðila né almenning, við undirbúning stjórnarfrumvarpa, enda þótt sérreglur geti gilt í því efni. Jafnframt hefur þýðingu í þessu sambandi að stefnumörkun ríkisstjórnar getur falið í sér almenn tilmæli um samráð, sbr. áherslu á samráð við atvinnulífið *Aðgerðaáætlun um einfaldara og skilvirkara regluverk fyrir atvinnulífið*, sem samþykkt var í ríkisstjórn 24. maí 2013.

### 3.8. Samráð í EES-málum

Uptaka ESB-gerða í EES-samninginn og innleiðing þeirra í íslenskan rétt lýtur umfangsmiklum reglum. Til dæmis fer fram samráð milli ráðuneyta og utanríkismálanefndar Alþingis. Samráð við almenning eða hagsmunaaðila í þessum efnum lýtur hins vegar engum sérstökum reglum í því efni. Töluvert hefur verið rætt um að bæta þar úr og gera samráðið kerfisbundnara. Þannig segir í Evrópustefnu ríkisstjórnarinnar að komið verði á fót samráðshópi um EES-mál milli stjórnvalda og aðila á vinnumarkaði með áherslu á hagsmunagreiningu EES-reglna.

Í kjölfar samþykktar Evrópustefnunnar var settur á fót stýrihópur forsætisráðuneytisins um framkvæmd EES-samningsins. Meðal þess sem þar hefur verið rætt er að fara að dæmi Norðmanna og gera árlegan forgangslista yfir gerðir sem eru til umræðu á vettvangi ESB og muni fyrirsjáanlega verða teknar upp í EES-samninginn og þar sem Ísland á mikilvægra hagsmuna að gæta. Samráð yrði haft við hagsmunaaðila um gerð slíks lista.

Þá hefur einnig verið rætt að æskilegt væri að útbúa gagnagrunn á vefnum sem yrði að meginstefnu opin almenningi þar sem birtust upplýsingar um ESB-gerðir sem eru á leið inn í EES-samninginn eða þarf að innleiða. Með slíku gagnsæi væri mögulegt að virkja betur almenning og hagsmunaaðila til þátttöku í mótun Evrópugerða og útfærslu þeirra hér á landi. Slíkur gagnagrunnur gæti einnig haldið utan um rafræna afgreiðslu skjala sem hluti af upptöku gerða í samninginn og innleiðingu.

<sup>19</sup>Slóð: <http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=1f5f082a-cd74-4941-80a4-bf7bc49d9b44>

<sup>20</sup> Sbr. 2. mgr. 19. gr. reglna nr. 11/2013 um starfshætti ríkisstjórnar.



### 3.9. Nokkur dæmi um opið samráð

Eftirfarandi eru nokkur dæmi um opið samráð á vettvangi Stjórnarráðsins, tekin eru dæmi frá undirbúningi lagasetningar, reglugerðavinnu og frá stefnumótunarvinnu. Dæmin sýna hvernig ráðuneytin hafa nálgast viðfangsefnið, niðurstöðum samráðs er sjaldnast gerð skil og þá er breytilegt hvort innsend erindi eru birt eða ekki. Í öllum tilfellum er gert ráð fyrir að innsend erindi berist í gegnum tölvupóst.

Dæmi um samráð og kynningar í **undirbúningi lagasetningar** á vettvangi Stjórnarráðsins:

- [Drög að lagafrumvarpi um framtíðarskipan ákærvalds til umsagnar](#). Samráð á vef innanríkisráðuneytis. Tilgangur frumvarpsins er reifaður og meginatriði þess sett fram til að auðvelda þátttakendum að taka afstöðu. Ábendingar berist í tölvupósti. Niðurstöðum samráðs eru ekki gerð skil.
- [Opið samráðsferli um breytingar á lögum er varða frístundaheimili](#). Samráð á vef mennta- og menningarmálaráðuneytis. Tillögur um breytingar á lögum eru settar fram í skjali starfshóps ásamt greinargerð. Óskað er eftir umsögnum í tölvupósti. Ekki kemur fram hvernig unnið er úr niðurstöðum.
- [Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum og þingsályktunartillögu um raflínur](#). Samráð á vef atvinnuvegaráðuneytisins. Dæmi um samráð þar sem niðurstöðum eru gerð skil, nánar tiltekið með því að birta breytingasögu þess skjals sem var í samráði, þ.e. frá drögum að frumvarpi. Einnig eru öll innsend erindi birt.

Dæmi um samráð og kynningar í **reglugerðavinnu**:

- [Drög að reglugerð um öryggisráðstafanir vegna viðburða við vegi til umsagnar](#). Samráð um drög að reglugerð á vef innanríkisráðuneytisins. Á vefnum má sjá stuttan útdrátt um helstu efnisatriði. Niðurstöðum eru ekki gerð skil.
- [Samráð um breytingar á umdæmum embætta sýslumanna og lögreglustjóra](#). Samráð um drög að stærri og flóknari reglugerð á vef innanríkisráðuneytisins. Birt eru nokkur „umræðuskjöl“ til að auðvelda þátttöku í samráðinu. Niðurstöðum eru ekki gerð skil.

Dæmi um samráð í undirbúningi opinberrar **stefnumótunar og áætlanagerðar**:

- [Vöxtur í krafti netsins – stefna um upplýsingasamfélagið](#). Samráð við stefnumótun vegna upplýsingasamfélagsins. Drög að ýmsum vinnuskjölum eru birt til umræðu, bæði er varðar verkefni og mögulega mælikvarða. Samráðsferlið er gert upp í sérstöku skjali þar sem sjá má helstu efnisatriði innsendra ábendinga og viðbrögð stýrihóps verkefnisins við þeim.

### 3.10. Frá fundi með fulltrúum ráðuneyta og Alþingis

Vinnuhópurinn stóð fyrir fundi með fulltrúum ráðuneyta og Alþingis þann 16. desember 2014. Fundurinn var haldinn í Hannesarholti í Reykjavík. Samtals tóku þátt 14 fulltrúar frá öllum ráðuneytum og Alþingi. Þar var fjallað um stöðu Íslands í þessum málum, litið til alþjóðlegra mælinga, nokkrar erlendar samráðsgáttir skoðaðar og hvatt til umræðna um framtíðarsýn fyrir virka og gegnsæja samráðsferla á netinu. Helstu skilaboð þátttakenda gagnvart þessari vinnu eru dregin saman í eftirfarandi atriðum:

- Huga þarf að því að stjórnsýslan á Íslandi er fámenn. Af þeim sökum þarf að finna leiðir til að nýta tæknina til að auðvelda úrvinnslu innsendra erinda/ábendinga svo eftirvinnslan verði ekki íþyngjandi fyrir stjórnsýsluna.

- Á sama tíma er einfaldleikinn við það að tjá skoðanir sínar forsenda þess að fólk taki þátt. Bent var á að gegnsæið væri lykilforsenda í þessari vinnu, ekki endilega fjöldi þátttakenda sem vilja láta sig varða málefni og reglusetningu með því að taka þátt í samráði, heldur frekar að almenningur og hagsmunaaðilar geti séð hvernig ákvarðanir eru teknar.
- Mikilvægt er að ferli sem útbúið er feli í sér auðskiljanlega framsetningu efnis. Einnig þarf að huga sérstaklega að lausnum sem hvetja ungt fólk til þátttöku.
- Mikill samhljómur var á meðal þátttakenda um mikilvægi þess að stjórnvöld hafi eina miðlæga gátt fyrir samráð sem nýtist Stjórnarráðinu í heild.
- Nota eigi tækifærið nú við heildarendurskoðun á samráðsferlum til að einfalda núverandi kerfi þar sem það sé í raun tvöfalt, annars vegar á vettvangi Stjórnarráðsins og hins vegar á vettvangi Alþingis.
- Hugsa þarf að því að tengja betur á milli þess sem gerist í þinginu og þess sem áður hefur gerst í ferlinu.
- Taka þarf afstöðu til þess og móta viðmiðunarreglur um:
  - Hvað þarf að hafa samráð um?
  - Hvenær í reglusetningarferlinu er samráð viðhaft?
  - Hversu langan tíma á að ætla í samráð?
  - Hvort skilgreindir hagsmunaaðilar fái sérstakt boð um þátttöku í samráðinu eða nægilegt sé að viðhafa opið samráð á netinu?
  - Hvernig á samráðsvettvangurinn að virka, á t.d. að nota umræðutorg, tölvupóst, vefform eða annað?

## 4. Erlendar samráðsgáttir

### 4.1. Val á samanburðarlöndum

Þær þjóðir sem komnar eru lengst á sviði opins samráðs á netinu, hvort sem litið er til mælinga og umfjöllunar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna eða OECD, eru Bretland og Holland. Hér verður litið til þeirra aðferða sem þessi lönd hafa beitt með góðum árangri.


Þá er einnig nærtækt að líta til annarra Norðurlanda en þau hafa frekar dregist aftur úr öðrum löndum í könnunum Sameinuðu þjóðanna en síðasta könnunin er frá 2014. Óvíst er hvað veldur en Finnland, Noregur, Svíþjóð og Danmörk mælast neðar á lista en í fyrri mælingu árið 2012. Ísland bætir þó umtalsvert og færir upp um 18 sæti á milli kannana. Samt sem áður er Ísland enn neðst í röð Norðurlandanna. Að lokum verður litið til samráðsgátta í Eistlandi og Bandaríkjunum.

Country	Rank 2012	Rank 2014	EPART 2014	Rank Change
 Netherlands	1	1	1.0000	
 United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland	5	4	0.9608	+1
 Finland	11	24	0.7059	-13
 Norway	15	30	0.6863	-15
 Sweden	15	45	0.6078	-30
 Denmark	28	54	0.5490	-26
 Iceland	83	65	0.4902	+18

Mynd 2. Yfirlit yfir stöðu nokkurra landa í þáttökuvísitölu Sameinuðu þjóðanna

### 4.2. Bretland

Samkvæmt mælingum Sameinuðu þjóðanna og OECD hafa bresk stjórnvöld náð góðum árangri á þessu sviði og mælast í 4. sæti í könnun Sameinuðu þjóðanna.



#### Publications: All consultations

You can use the filters to show only results that match your interests

Contains:

Publication type:

Topic:

Department:

Official document status:

World locations:

**2,135** publications

Get updates to this list: [email](#) [feed](#)

**Open access restriction at Gurston Down: how to comment**  
3 November 2014 | Natural England | Open consultation

**The Armed Forces (Transitional and Consequential Provisions) Regulations 2014**  
3 November 2014 | MOD | Open consultation  
Part of a collection: Armed Forces Pension Scheme 2015

**Draft NHS Pension Scheme Transitional Regulations 2014**  
31 October 2014 | DH | Consultation | Part of a collection: NHS pensions

**Reducing the duration of copyright in certain unpublished works**  
31 October 2014 | IPO | Open consultation

**Ofgem & Fuel Measuring and Sampling/Sustainability under the CFD**  
31 October 2014 | DECC | Open consultation

Mynd 3. Forsíða samráðshluta bresku gáttarinnar - gov.uk

#### Helstu staðreyndir

- Samkvæmt stefnu Breta fer allt samráð í gegnum miðlæga vefsíðu stjórnvalda – Gov.uk. Sveitarfélög taka ekki þátt í miðlægu gáttinni en þó er samráð þeirra aðgengilegt þaðan.
- Stofnunum er heimilt að skilgreina það tímabil samráðs sem hentar hverju sinni í stað þess að horfa til 12 vikna tímabils eins og tíðkaðist áður, þetta á sérstaklega við þar sem víðtæk þátttaka hefur átt sér stað áður. Þannig er ákveðinn sveigjanleiki til staðar.

- Því er beint til breskra stofnana að reyna að ná fram jafnvægi á milli þess að eiga samskipti við hagsmunaaðila annars vegar og sérfræðinga hins vegar.
- Því er beint til stofnana að útlista að loknu samráði hvaða viðbrögð hafa borist og hvernig unnið hefur verið úr ábendingum. Á þessu sviði skara Bretar fram úr og má mögulega finna þar skýringu þess að þeir mælast vel í könnunum til þessa.
- Í Bretlandi er lagt upp með að samráð sé ættíð framkvæmt rafrænt á netinu en skoða eigi aðrar leiðir þegar hentar, m.a. til að heyra sjónarmið hópa sem ekki hafa greiðan aðgang að netinu.
- Í minnisblöðum um samráðsvettvang Breta kemur skýrt fram að hann komi ekki í stað samræðna stjórnvalda við aðra skilgreinda aðila, t.d. þeirra sem starfa á vettvangi sjálfboðastarfs í Bretlandi (*e. voluntary and community sector*).

Breska gáttin býður ekki upp á neina sérstaka virkni til að senda inn ábendingar, oftast er netfang látið nægja. Birtingarmynd samráðsins á netinu er því afar einföld og tæknin ætti ekki að flækjast fyrir þeim sem vilja tjá sig. Þannig er ekki að finna sérstaklega hannað kerfi utan um bresk samráðsferli, þ.e. kerfi sem hannað er utan um ferla og tengt inn í málaskrárkerfi stjórnvalda.

Það er þó staðreynd að Bretar hafa staðið sig vel á þessu sviði. Ekki þarf endilega sérstakt umsýslukerfi utan um samráðið, heldur skiptir frekar máli að stjórnsýslan sé reiðubúin til þess að stunda samráð og kunni að beita samráði sem tæki til að bæta gæði í lagasetningu og stefnumótun – þannig má álykta að í raun skipti ekki máli „hvernig“ samráð er stundað eða hvaða tækni er beitt, svo lengi sem það er opið og gegnsætt og skilar skýrri afurð.

Í einhverjum tilvikum er boðið upp á þátttöku í könnunum.<sup>21</sup> Þá er það ekki aðgengilegt frá Gov.uk heldur útfært annars staðar og á ábyrgð þeirrar stofnunar sem stýrir samráði. Það getur þó verið jafn einfalt í útfærslu og ritvinnsluskjal sem birt er á vefnum. Skjalið með svörum viðkomandi er svo sent sem viðhengi á netfang stofnunar nema þegar hægt er að svara könnuninni beint á vefsíðu.

Í gáttinni geta mál haft þrjár stöður: 1) Samráð er opið (*e. open consultation*), samráði er lokið (*e. closed consultation*) og niðurstöður samráðs (*e. consultation outcome*)

<sup>21</sup> Sjá dæmi um fyrirfram mótaðar spurningar/könnun á <https://www.gov.uk/government/consultations/language-controls-for-healthcare-and-associated-professions>

Í byrjun nóvember 2014 voru u.þ.b. **100** opin samráðsferli á bresku gáttinni. Yfir 2000 frá opnun.

Breska gáttin er **ekki** byggð upp á fyrirfram mótuðum ferlum, t.d. sérstök ferli varðandi lagafrumvörp, reglugerðavinnu eða önnur stefnumótandi skjöl.

Athygli vekur að samráðsgáttin er **sambætt öllu útgefnu efni** breskra stjórnvalda. Samráðið er því í raun einn flokkur af útgefnu efni.

## Skjámyndir

Open consultation

### Language controls for healthcare and associated professions

From: Department of Health  
First published: 3 November 2014  
Part of: Protecting patients from avoidable harm

This consultation closes at  
**15 December 2014**  
11:45pm

#### Summary

Seeks views on changes to allow professional regulatory bodies to impose language controls on nursing, dental and pharmacy professionals.



[Language controls for nurses, midwives, dentists, dental care professionals, pharmacists and pharmacy technicians](#)  
PDF, 349KB, 32 pages



[Draft Statutory Instruments: The Health Care and Associated Professions \(Knowledge of English\) Order 2015](#)  
PDF, 174KB, 21 pages

#### Respond online

or

Email to:  
[HRDlistening@dh.gsi.gov.uk](mailto:HRDlistening@dh.gsi.gov.uk)

### We are analysing your feedback

Visit this page again soon to download the outcome to this public feedback.

### This consultation has concluded

Download the full outcome



[The Legal Ombudsman and complaints about claims management companies: response to consultation](#)

Published: 3 November 2014  
PDF, 127KB, 21 pages

**Samráð hefst.** Í fyrsta fasa er boðið upp á aðgengi að gögnum sem varða samráðið, ákveðin grunnskjöl eru kynnt til leiks, m.a. minnisblöð sem draga saman helstu breytingar og tilgang þess máls eða frumvarps sem er til kynningar. Kynntar eru tímasetningar samráðs og hvernig eigi að bera sig að.

**Samráði lýkur.** Þegar mál eru komin á það stig að stjórnvöld eru að vinna úr niðurstöðum er það tilkynnt á vefnum.

**Niðurstöðum gerð skil.** Eftir tiltekinn tíma eru niðurstöðum samráðs gerð skil á netinu. Þar er samráðsferlið gert upp, farið yfir fjölda ábendinga og nöfn þeirra sem sendu inn ábendingar. Almennt er nálgun Breta sú að draga saman helstu ábendingar; dæmi:

#### **A sliding scale of fees based on turnover**

1. Of the 19 respondents who commented on the intention to charge a sliding scale of fees based on companies' turnover, 11 supported the measure. A number noted that they thought the fee framework was 'fair', 'reasonable' and/or 'proportionate.' These respondents included a number of claims management companies. Of those that were opposed, most thought that companies with high turnover would be unfairly subsidising others in the claims industry, including those with poor complaints handling records.

*Mynd 4. Dæmi úr bresku samráðsferli um hvernig unnið er með innsent efni. Safnað er saman tíðustu efnisatriðum og þeim gerð skil.*

Viðbrögð stjórnvalda við ábendingum eru svo útlistuð. Ekki er farin sú leið eins og víðast hvar annars staðar að birta ábendingarnar í heild sinni. Þegar samráð er gert upp í Bretlandi er það nokkuð sambærilegt á milli mála, dæmigerð lokaskýrsla af þessu tagi er með eftirfarandi efnisyfirliti:<sup>22</sup>

1. Samráðið
  - a. Hvert var málefnið
  - b. Hvert var markmiðið
  - c. Hversu margir tóku þátt
  - d. Hverjir tóku þátt
2. Viðbrögð stjórnvalda
  - a. Samantekt ábendinga eftir efnisatriðum I
    - i. Viðbrögð stjórnvalda við efnisatriðum I
  - b. Samantekt ábendinga eftir efnisatriðum II
    - i. Viðbrögð stjórnvalda við efnisatriðum II
3. Almennar ábendingar
  - a. Yfirlit yfir ábendingar sem bárust en eiga ekki við þetta tiltekna ferli

#### **Annex A – List of respondents**

Express Solicitors Ltd  
EMCAS  
Professional Financial Claims Association  
Association of Regulated Claims Management Companies  
The UK Cards Association  
National Accident Helpline  
British Bankers Association  
Finance and Leasing Association  
Gladstone Brookes  
Injury Lawyers 4u  
BCP Advisory Services  
Lower Cost Complaints Ltd  
Claim 2 Gain Ltd  
Nationwide Debt Solutions  
Liberty Financial Claims Ltd  
Claim 4 Disputes  
Fair Advice Ltd  
PPI Facts  
First4Lawyers  
Easy Claim Ltd  
Allixium Ltd T/A Writefully Yours  
Credo Claims Limited  
Money Boomerang Ltd  
A member of the public

*Mynd 5. Listi af svarendum úr bresku samráði, neðst má sjá að almennur borgari hafí sent inn erindi, hann er ekki nafngreindur líkt og fyrirtæki eða stofnanir sem taka þátt.*

<sup>22</sup> Sjá dæmi: [https://www.gov.uk/government/uploads/system/uploads/attachment\\_data/file/184945/ni-credits-changes-consultation-response.pdf](https://www.gov.uk/government/uploads/system/uploads/attachment_data/file/184945/ni-credits-changes-consultation-response.pdf)

i. Viðbrögð við ábendingum ef við á.

#### 4. Áhrif samráðs á málið

Skýrslur af þessu tagi eru yfirleitt stuttar, í einstaka atriðum er einungis um „upptalningar“ að ræða.

#### Samantekt um samráð í Bretlandi

- Einfalt og augljóst ferli.
- Unnið er með ábendingarnar inn í samantekt, þær eru ekki birtar eins og þær eru sendar inn.
- Í viðaukum er oftast listi yfir aðila sem senda inn.


Bretar nota **einfaldar tæknilegar leiðir** til samráðs. Góður árangur í könnunum bendir frekar til þess að það sé **hefð** fyrir samtali stjórnvalda við almenning frekar en að til staðar sé tæknilega vel útfærður vettvangur til samráðs. Tæknin skiptir því ekki öllu mál – frekar að efni og innihald sé sett fram með skýrum hætti og að niðurstöðum samráðs séu gerð skil.

### 4.3. Danmörk

Frá 2005 hefur dönskum stjórnvöldum verið skylt að birta frumvarpsdrög til samráðs á sameiginlegri gátt - Høringsportalen. Danir hafa því nokkra reynslu af samráði.

#### Helstu staðreyndir

- Yfirlýst markmið er að bjóða upp á gegnsæjan vettvang fyrir samráð í tengslum við lagafrumvörp og til að undirbúa stefnumörkun almennt.
- Dönsku ráðuneytunum er **skylt** að nota vettvanginn fyrir **öll** stjórnarfrumvörp. Einnig er skylda að birta þar allar reglugerðir sem á annað borð eru sendar út til umsagnar.
- Hægt er að nota vettvanginn fyrir önnur skjöl, stefnuskjöl eða ákvarðanir en það er ekki skylda.
- Sveitarfélög taka ekki þátt í miðlægu gáttinni.
- Hægt er að skrá sig inn á vefinn með rafrænni auðkenningu.
  - Þó er alltaf ætlast til að viðkomandi sendi umsögn sína í tölvupósti.



Mynd 6. Skjámynd af forsíðu dönsku gáttarinnar.

Þegar samráðið í Danmörku er skoðað þá er athyglisvert að ráðuneytum er skylt að viðhafa samráð, er það undantekningarlaust í undirbúningi lagasetningar og að hluta við reglugerðavinnu. Gáttin býður ekki upp á neina sérstaka virkni til að senda inn ábendingar, oftast er netfang látið nægja og er það að öllu leyti sambærilegt við bresku leiðina. Birtingarmyndin og tæknin við samráðið á netinu er því afar einföld líkt og hjá Bretum.

Í síðustu könnun Sameinuðu þjóðanna er Danmörk í 54. sæti – örfáum sætum ofar en Ísland. Slíkt kemur nokkuð á óvart enda hafa Danir einn stað og mjög skýran vettvang til að stunda samráð. Skýringuna má e.t.v. finna í því hvernig staðið er skil á niðurstöðum samráðs – að í raun skipti ekki máli „hvernig“ samráð er stundað, svo lengi sem það skilar skýrri afurð sem endurspeglar gegnsæi. Á dönsku gáttinni er það hið minnsta ekki jafn sýnilegt og hjá Bretum.

Í gáttinni geta mál haft þrjár stöður: 1) Samráð er í gangi (*d. I gang*), 2) Samráði er lokið (*d. Udløbet*) og 3) samráð komið í skjalasafn (*d. Arkiv*).

### Skjámyndir

Høring om udkast til ændret bekendtgørelse om lagringspligt m.v. for olie

Officiel titel	Høring om udkast til ændret bekendtgørelse om lagringspligt m.v. for olie
Beskrivelse	De foreslåede ændringer har til hensigt at sikre, at de danske olieberedskabslagre indeholder lagre af jet fuel i samme omfang som for andre lagringspligtige olieprodukter (benzin, gas/diesellole og fuel olie).
Høringstype	Bekendtgørelser
Myndighed	Energistyrelsen

#### DOKUMENTER

Download alle filer som zip

Titel	Filstørrelse
Høringsdokument	
 høringsbrev	251,379 kB
 Bekendtgørelse	451,064 kB

Bemærkninger Høringssvar bedes sendt til [ens@ens.dk](mailto:ens@ens.dk). Spørgsmål kan rettes til Uffe Strandkjær, tlf. 33 92 76 11 eller e-mail: [us@ens.dk](mailto:us@ens.dk)



**Samráð er í gangi.** Í fyrsta fasa er boðið upp á aðgengi að gögnum líkt og gert er í Bretlandi og er þessi framsetning að öllu leyti sambærileg bresku nálguninni. Kynntar eru tímasetningar samráðs og hvernig eigi að bera sig að.

**Samráði er lokið.** Þegar mál eru komin á það stig að stjórnvöld eru að vinna úr niðurstöðum fær málið nýja stöðu á vefnum. Ekki kemur fram hvort eða hvernig ætlunin er að vinna úr þeim ábendingum sem inn koma.

**Samráð komið í skjalasafn.** Eftir tiltekinn tíma er niðurstöðum samráðs gerð skil á netinu. Þetta gera Danir á annan hátt en Bretar. Samráð er birt á mismunandi vegu eftir umfangi þess. Ýmist eru niðurstöður dregnar saman eða allar innsendar umsagnir birtar. Hér er sjaldnar farin sú leið að draga saman niðurstöður samráðs. Niðurstöður samráðs eru ekki vel sýnilegar á vefnum.

#### Samantekt um samráð í Danmörku

- Samráð er að jafnaði skilyrði – ekki valkvætt.
- Danir nota eina miðlæga samráðsgátt fyrir öll samráðsferli stjórnvalda.
- Notendaviðmót vefsins er einfalt og þægilegt.
- Einfalt og augljóst ferli.
- Gert er ráð fyrir að umsagnir berist með tölvupósti.
- Ófullnægjandi „uppgjör“ eða samantekt á niðurstöðum samráðs sem má álykta að skýri slakan árangur í mælingum.

Danir nota einfaldar leiðir til samráðs og hafa tileinkað sér samráð í lagasetningu enda mælt fyrir um slíkt í lögum.

#### 4.4. Finnland

Finnar reka sérstaka gátt fyrir samráð – demokratia.fi. Gáttinni er skipt í fjórar „rásir“ (vefi) þar sem boðið er upp samráð með ólíkum hætti:

1. Stjórnvöld – sérstök gátt sem er eingöngu ætluð til að safna saman **áskorunum** til stjórnvalda.
2. Sveitarfélög – gátt til að hafa áhrif á verkefni á sveitarstjórnarstigi. Um er að ræða **áskoranir** með svipuðu formi og í (1).
3. Samráðsvefur – Nýtt tilraunaverkefni til að fá fram **umræðu og stunda samráð** um stefnumörkun stjórnvalda.

Danir mælast í

54.

sæti í könnun Sp

Frá 2005 hafa stjórnvöld sett yfir

**8000** mál í opið samráðsferli á gáttinni.

4. Opin umræða – Óformlegur vettvangur um ýmis mál í undirbúningi. Einnig vettvangur til að skapa umræðu um tiltekin mál. Vefurinn er settur fram sem **opið umræðutorg**.

- Hægt að kjósa um mál eða styðja við það með því að „líka við það“ eða smella á „like“ hnapp.
- Hver sem er getur búið til umræðupráð.

**Helstu staðreyndir**

- Í raun er hér um að ræða fjóra vefi og er þriðji vefurinn (samráðsvefur) þar sem hið eiginlega og formlega samráð á að fara fram. Gáttin var opnuð í apríl 2014 og eingöngu voru þrjú mál opin í nóvember 2014.
- Í finnsku gáttinni kemur fram yfirlýst markmið sem er að „staðla samráðsferla“ og stuðla að „opinni og gegnsæri stjórnsýslu“. Einnig er eitt af markmiðunum að nýta upplýsingatækni til að „auka þátttöku hagsmunaaðila í opinberri stefnumótun“.
- Finnska leiðin er ólík þeirri bresku og dönsku. Það er athyglisvert hvernig spurningalistar eru útfærðir, bæði almennir og sértækir eftir efni. Þetta birtist í spurningum eins og hvort svarandi 1) styðji frumvarpið, 2) styðji það ekki eða 3) viti það ekki.
- Í einhverjum tilvikum er gengið lengra og leitað eftir afstöðu hagsmunaaðila til ákveðinna efnistaka í frumvarpi. Þá eru útfærðar opnar spurningar samhliða því að safna saman undir ákveðnum efnisatriðum hvort stuðningur sé til staðar eða ekki.
- Þar sem Finnar birta opinberlega öll svör er þess krafist að notendur auðkenni sig inn á vefinn til að geta tekið þátt.

Finnar mælast í **24.** sæti í könnun Sp.

Í byrjun nóvember 2014 voru eingöngu **tvö** mál í opnu samráðsferli í finnsku gáttinni.

Eingöngu **11** mál frá upphafi enda gáttin opnuð í apríl 2014.

Á gáttinni geta mál haft tvær stöður: 1) Samráð er opið og 2) samráði er lokið. Eftirfarandi eru skjámyndir af viðmóti samráðs á finnsku gáttinni:

## Skjámyndir

Tidpunkten val och för att delta medborgarnas rätt Deadline for answering was: 08/29/2014

Opinion of the requested background information Export file format ▾

Introduction	▶
Distribution	▶
Schedule, Vastuuvalmistelijan contact information:	▶
Keywords, Links	▶

Vad anser ni om the föreslagna teckenspråklagens målsättning? Främjar lagen förverkligande av de språkliga rättigheter for dem som one uses teckenspråk, deras möjligheter in that använda sitt eget Language and få information på teckenspråk?

- And
- Nej
- Kan inte Saga
- You give, vad?

På andra Vilka manner kunde de språkliga rättigheter främjas for dem som one uses teckenspråk? Vilka utvecklingsfrågor -metoder eller är de mest centrala tanke med på att instance förbättra de finlandssvenska teckenspråkigas ställning?

Green Alliance rp. Green Alliance rp.

29/8/2014

Green Alliance rp worth the municipal elections in the transfer from October to April as shown. In the spring of the new council would be selected to participate in the immediately following year on key decisions, that the next year's budget preparation. It is very reasonable that the parliamentary election and municipal election date is determined in the same way: the third Sunday of April. In this case, parliamentary and local elections would be equal to a regular two-year intervals from each other in April, exactly the municipal electoral mid-term.

Kirkkonummen municipality CHRISTOFFER JOAKIM Masar

29/8/2014

Definitely be welcomed. The new schedule will clear the regularity of the elections, which can help in improving voter turnout. The good thing is that the new council will soon after the election to decide talousarvion- and plan of the municipality, as well as a strategy in the form of municipal operations and finances of the short- and long-term goals, and it is not the council during the first year as dependent on the previous decisions of the Board. The schedule can also make it possible that you will not run in neutral for the new boards to the best start in working hours, as the selections can be board members can be made boards on summer break.

Oriveden city

29/8/2014

Oriveden the city's opinion:

Eins og sjá má í skjámyndunum eru Finnar að gera tilraunir sem aðrir hafa ekki reynt, þ.e. að nota upplýsingatækni til að auðvelda úrvinnslu gagna eins og kostur er, m.a.:

- Setja upp kannanir til að fara skipulega og af ákveðni dýpt inn í samráð.
- Auðvelda þeim sem standa að baki samráði að greina og vinna úr innsendum gögnum.

Í raun má segja að Finnar séu að færa vinnu stjórnsýslunnar við samráðið frammar í ferlið og hafi það að markmiði að auðvelda úrvinnslu. Innsendar ábendingar hanga þar af leiðandi við ákveðin efnisatriði og spara þannig tíma og vinnu við úrvinnslu.

### Samantekt um samráð í Finnlandi

- Samráð á netinu er á prófunarstigi hjá Finnum og í raun ekki hægt að meta árangur á þessu stigi. Vettvangur fyrir áskoranir (líkist undirskriftarsöfnun?) er líklega eini vettvangurinn sem virkar vel.
- Eina landið sem skoðað var sem hefur „opið umræðutorg“ á sínum samráðsvef.
- Almenna samráðsgáttin mjög formgerð og notkun á upplýsingatækni er mikil til stuðnings samráðsferlinu. Athyglisvert með tilliti til þess að minnka vinnu starfsmanna stjórnsýslunnar eins og kostur er.
- Ferlið er í raun nokkuð snúið og viðmót ekki augljóst fyrir hinn almenna borgara.
- Gert er ráð fyrir að umsagnir berist inn á ákveðin fyrirfram skilgreind mál.
- Uppgjör á samráðsferlum er ekki á formi samantektar heldur eru svör við fyrirfram skilgreindum spurningum (ásamt opnum spurningum þegar það á við) birt á vefnum.

### 4.5. Holland

Hollendingar nota eina miðlæga samráðsgátt fyrir öll samráðsferli stjórnvalda. Frá 2009 hafa stjórnvöld sett um 370 mál í opið samráðsferli í gáttinni. Gáttin er þó viðameiri en svo að veita eingöngu aðgengi að umræðu og samráði um opinber skjöl.

#### Helstu staðreyndir

- Í gáttinni er safnað saman alls kyns ólíkum upplýsingum sem falla undir yfirskriftina „ákvarðanir stjórnvalda“.
- Veittur er aðgangur frá einum stað að alls kyns upplýsingum frá sveitarfélögum og „sýslum“ en þarna má einnig finna þingskjöl og skjöl sem ætluð eru til að undirbúa eða styðja við ákvarðanatöku. Einnig eru upplýsingar um leyfisveitingar, alls konar réttindi, skyldur o.fl.



Mynd 7. Skjámynd af forstöðu hollensku gáttarinnar.

- Þessum samráðshluta vefsins er skipt upp í 7 flokka:
  - Undirbúningur stefnumótunar
    - Aðgengi að alls kyns rannsóknum og upplýsingum frá Hagstofu, skipulagsstofnunum og háskólasamfélaginu.
  - Samráð við ákvarðanir

- Hið eiginlega rafræna samráð er aðgengilegt frá þessum vettvangi ásamt aðgengi að þingskjölum.
- Tilkynningar
  - Gagnagrunnar og tilkynningar, aðgengi að lögbirtingablaði, ákvörðunum sveitarfélaga o.fl.
- Lög
  - Skipt upp eftir: Evrópulöggjöf, landslögum, sveitarstjórnarpappírur.
- Framkvæmd
  - Leiðbeiningar um framkvæmd tiltekinna reglna, aðgengi að leyfisveitingum eftir svæðum o.s.frv.
- Eftirlit
  - Upplýsingar um hvernig alls kyns eftirliti er háttað og hverjir sinna því.
- Kvartanir og ábendingar
  - Tengingar við umboðsmann þingsins o.fl.
- Samráðsgáttin er undirsíða af opinberri gátt hollenskra stjórnvalda. Leið Hollendinga er að ná utan um allt stefnumótunarferli stjórnvalda, allt frá fyrstu stigum stefnumótunar, til framkvæmdar og eftirlits.
- Notendaviðmót vefsins er nokkuð einfalt og þægilegt en tæknin sem vefurinn er byggður á er kominn verulega til ára sinna.
- Ef litið er sérstaklega til samráðshluta vefsins er þar í boði einfalt og augljóst ferli.
- Umsagnir berast í gegnum vefinn. Umsagnir ritaðar í textbox og við það hægt að hengja viðhengi.

## Skjámyndir

Consultation data

Date of publication	28-10-2014
End consultation	26-11-2014
Status	Active
Type of control	Law
Organization	Interior and Kingdom Relations

[Draft Bill amending regulation implementing law regarding rental housing introduction energieprijatievergoedi](#)  
[Regulations to Implementation rental accommodation](#)  
[Design notes Explanatory Memorandum Implementation Act amendment rental housing because of introduction of energy pres](#)

Below are one or more questions for the consultation. You can give your comment in the space below the question. It is also possible to add a document to your reaction, for example if you want to add background information.

Add Direct to Document >

**Question**  
What is your opinion regarding the draft bill?

A total of eight responses to this consultation public.

Sort by: Name Date

- [C-mark Consultants \(GJM Hulshof Inc.\)](#)
- [Branchevereniging VHG \(I. Sangers\)](#)
- [MGA Keuten](#)
- [Mr. GH Knoef-Vrugink](#)
- [Dutch standards committee Pools \(RC Stender\)](#)
- [Sportfondsen Netherlands BV \(Ing H Meijer\)](#)
- [Camping de Noetselerberg \(Mr. GA Hoekien\)](#)
- [Thermae 2000 \(Director RHM Teulings\)](#)

Í gáttinni geta mál haft tvær stöður: 1) Samráð í gangi (*f. Lopende consultaties*) og samráði er lokið (*f. Gesloten consultaties*)

**Samráð í gangi.** Í fyrsta fasa er boðið upp á aðgengi að gögnum sem varða samráðið, ákveðin grunnskjöl eru kynnt til leiks, m.a. minnisblöð. Hollendingar hafa nokkuð staðlaða nálgun þegar kemur að því að kynna samráð til sögunnar. Veittar eru eftirfarandi upplýsingar:

- Tilgangur máls.
- Upptalning á hagsmunaaðilum sem málið hefur áhrif á.
- Mat á áhrifum fyrir hagsmunaaðila.
- Tilgangur samráðs.
- Er samráð afmarkað við tiltekin atriði.
- Hvernig verða niðurstöður birtar.

**Samráði er lokið.** Að loknu samráði er yfirlitt farin sú leið að birta innsend erindi. Þátttakendum er boðið upp á þann valkost að erindi þeirra sé ekki birt á vefnum. Áskilinn er sá réttur að eyða óviðeigandi orðalagi eða efni. Almenna vinnureglan er einnig sú að taka saman samráðsferlið í lokaskýrslu.

**Samantekt um samráð í Hollandi**

- Einfalt en undirliggjandi tækni orðin gömul.
- Hafa náð að safna saman á einn stað ýmsum upplýsingum sem eiga við á öllum stigum stefnumótunarferlis, frá upphafsstigum til ákvarðana og innleiðingar.
- Góðan árangur Hollendinga í mælingum má mögulega rekja til þess hversu vel hefur tekist að safna saman upplýsingum um stefnumótunarferlið (allt frá hugmyndastigi og stefnumótun, til framkvæmdar og eftirlits).

**4.6. Noregur**

Samráðsgáttin er undirsíða af opinberri gátt norskra stjórnvalda en Noregur mælist í 30. sæti í könnun Sameinuðu þjóðanna. Yfirlýst markmið stjórnvalda er að koma á samráði á neti um lög og reglugerðir.

Önnur yfirlýst markmið eða áherslur eru:

- Það er hluti af lýðræðissamfélaginu að bjóða upp á aðgengi að undirbúningi stefnumótunar.
- Bjóða hagsmunaaðilum upp á vettvang til að hafa áhrif á ákvarðanir sem varða þá sjálfa.
- Stuðla að því að málefni séu uppi á borðinu með gegnsæjum hætti (opin og gegnsá stjórnsýsla) áður en ákvarðanir eru teknar.
- Samráð stuðlar að auknum stuðningi við ákvarðanir og auðveldar innleiðingu og framkvæmd.

Høringsstadium	Dato	Utsend	Hørings	Gjør	Tema	Status	Resultat av høring
Offentlig høring - Fødselskrav på en måned	03.11.14	30.09.15	88	Alma	På høring		
Høring - Forslag om kommunestyre i Norge 2015 og kommunestyre i Norge 2016	30.10.14	15.12.14	45	Interkommunalt samarbeid om helse og kommunikasjon, Luftfart	På høring		
BUD - Høring av Kommisjonen medlems og delvise endringer	01.10.14	01.12.14	31		På høring		
Høring - Forslag til endring av Forskrift om kulturelle gjenstander av 20. november 2012	29.10.14	09.12.14	41		På høring		
Sammenheng av de nasjonale forskningsmidlene	09.10.14	27.01.15	90		På høring		
Høring - Forslag til nye regler om arbeidsrett	14.10.14	03.12.14	47		På høring		
Høring av Forslag til nye regler om arbeidsrett	27.10.14	08.12.14	42		På høring		
Høring - Forslag til nye regler om arbeidstid	24.10.14	05.12.14	42		På høring		
Forslag til endringer for Alma og endringer i Norge av 2014	24.10.14	25.11.14	32	Kulturminner og kulturminne	På høring		
Høring av Forslag til endring av Forskrift om arbeidsrett	24.10.14	21.12.14	28		På høring		
Høring - Forslag til nye nasjonale forskningsmidlene	14.10.14	16.12.14	96		På høring		
Høring - Forslag til endringer i arbeidsrett	24.10.14	24.01.15	92		På høring		

Mynd 8. Skjámynd af forsiðu norsku gáttarinnar.

**Helstu staðreyndir**


Gáttin er frekar vettvangur skilgreindra hagsmunaaðila en almennings í opnu samráði. Efni á gáttinni á rætur sínar að rekja til ársins 2007 og því er fjöldi mála á gáttinni.

- Sveitarfélög taka ekki þátt í miðlægu gáttinni frekar en hjá öðrum löndum. Engar tengingar eru inn á opið samráð á vettvangi sveitarfélaga.
- Tekið er á móti umsögnum með tölvupósti undantekningarlaust og ekki aðrar leiðir í boði.

Í gáttinni geta mál haft þrjár stöður: 1) Samráð er í gangi (*n. på høring*), 2) Samráð er í vinnslu (*n. under behandling*) og samráði lokið (*n. ferdig-behandlet*).

## Skjámyndir

### Høringer

 [Abonner på e-postvarsling](#)

#### Saker på høring

##### [Høring – melding til Stortinget om vekst i norsk lakse- og ørretoppdrett](#)

[07.11.2014]

Høringsfrist: 10. januar 2015

##### [Høring – utkast til endring av forskrift om kjøperregistrering av 26. november 2010](#)

[29.10.2014]

Høringsfrist: 9. desember 2014

##### [Høring - forvaltning av snøkrabbe](#)

[28.10.2014]


Høringsfrist: 10. desember 2014



Høringsfristen er seks uker, og vi ber om at innspill til forslaget er mottatt av departementet innen **8. desember 2014**. Innspill kan sendes elektronisk til Nærings- og fiskeridepartementets e-postadresse [postmottak@nfd.dep.no](mailto:postmottak@nfd.dep.no), eller pr post til PB. 8090 Dep, 0032 Oslo.

#### Høringsfråsegner med merknadar

[PDF] [Andøy Kommune.pdf \(142KB\)](#)  
[PDF] [Andre Steffensen.pdf \(276KB\)](#)  
[PDF] [Axel Dammann.pdf \(174KB\)](#)  
[PDF] [Fagforbundet.pdf \(329KB\)](#)  
[PDF] [Fagforbundet Narvik.pdf \(253KB\)](#)  
[PDF] [Fagforbundet Nordland.pdf \(189KB\)](#)  
[PDF] [Fagforbundet Sortland.pdf \(97KB\)](#)  
[PDF] [Fagforbundet Vefsn.pdf \(238KB\)](#)  
[PDF] [FHL.pdf \(244KB\)](#)  
[PDF] [Finnmark Fylkeskommune.pdf \(93KB\)](#)  
[PDF] [Fiskeridirektoratet.pdf \(982KB\)](#)  
[PDF] [Gamvik FrP.pdf \(369KB\)](#)  
[PDF] [Gamvik Kommune.pdf \(38KB\)](#)  
[PDF] [Innovasjon Norge.pdf \(44KB\)](#)  
[PDF] [Kjøllefjord Fiskarlag.pdf \(182KB\)](#)  
[PDF] [Kystpartiet i Nordland.pdf \(62KB\)](#)  
[PDF] [Lebesby Kommune.pdf \(28KB\)](#)  
[PDF] [Natur og Ungdom.pdf \(234KB\)](#)





**Samráð er í gangi.** Í fyrsta fasa er boðið upp á aðgengi að gögnum sem varða samráðið, ákveðin grunnskjöl eru kynnt til leiks, m.a. minnisblað (n. Høringsnotat)<sup>23</sup> sem dregur saman málið sem er til kynningar. Kynntar eru tímasetningar samráðs og hvernig eigi að bera sig að í svokölluðu samráðsbréfi „høringsbref“. Þá er tilgreint hverjir fá sent formllegt erindi þar sem sérstaklega er óskað eftir ábendingum þeirra.

**Samráð er í vinnslu.** Þegar mál eru komin á það stig að stjórnvöld eru að vinna úr niðurstöðum er það tilkynnt á vefnum.

**Samráði er lokið.** Eftir tiltekinn tíma eru niðurstöðum samráðs gerð skil á netinu undir fyrirsögninni „høringsuttalelser“. Þetta er gert á svipaðan hátt og Danir gera með því að birta innsend erindi; hér að neðan er dæmi um tvenns konar birtingu.

#### Consultative statements with notes

[PDF] [Forhandlingsutvalget for the Red Berries v / The secretariat \(283Kb\)](#)  
[PDF] [Gartnerhallen SA \(112KB\)](#)  
[PDF] [Conservation mills Association \(515KB\)](#)  
[PDF] [Norwegian Farmers' Union \(264KB\)](#)  
[PDF] [Norwegian agricultural cooperative \(94KB\)](#)  
[PDF] [The Norwegian Agricultural Authority - SLF \(310KB\)](#)

#### Consultative statements without notes

[PDF] [Norwegian Fruit and Grønnsaksgrossisters Association \(189KB\)](#)  
[PDF] [Customs and Excise \(50kb\)](#)  
[PDF] [Ministry of Foreign Affairs \(138KB\)](#)

Ofangreint yfirlit sýnir innsend erindi í einu samráðsmáli á norska vefnum, bæði innsend erindi þar sem efnisleg afstaða er tekin til málsins og svo erindi sem berast þar sem hagsmunaaðilar vísa annað hvort frá sér að taka afstöðu eða hafa engar ábendingar um efnið. Hér að neðan er dæmi um hið síðarnefnda:

**From:** Niklas Østebo [mailto:oddmund.ostebo@fgsfrukt.no]  
**Sent:** 12. June 2014 1:49 p.m.  
**To:** Postmottak LMD  
**Subject:** Consultation on proposed new duty free import quota for berries for processing industry

LMD,

We have no objections to the quotas of berries is increased.

Regards  
Niklas Østebo

Norwegian Fruit and Grønnsakgrossisters Association  
PO Box 157 Økern  
0509 Oslo

---

<sup>23</sup> <http://www.regjeringen.no/nb/dep/hod/dok/hoeringer/hoeringsdok/2014/Horing---NOU-201412-Apent-og-rettferdig---prioriteringer-i-helsetjenesten/Horingsnotat.html?id=774929>

### Samantekt um samráð í Noregi

- Löng reynsla af samráði en líkt og hjá Dönum er óljóst hvernig verður með úrvinnslu. Innsend erindi eru birt og ekki er augljóst hvar samantektarskýrsla liggur eða hvaða erindi eru tekin til skoðunar.
- Ferlið er einfalt en gáttin ekki spennandi, mikið um pdf-skjöl, eitthvað um skönnuð skjöl (mjög óaðgengileg).
- Lítil notkun á upplýsingatækni.

### 4.7. Eistland

Eistar hafa náð ágætum árangri í mælingum á samráði. Í síðustu könnun Sameinuðu þjóðanna (2014) eru þeir í sæti 22 og falla um 8 sæti frá fyrri könnun.

#### Helstu staðreyndir

- Stjórnvöld í Eistlandi halda úti samráði í miðlægri gátt og hafa gert það frá 2007. Gáttin er aðgengileg á [www.osale.ee](http://www.osale.ee). Á forsíðu gáttarinnar er netverjum boðið upp á fjóra kosti:
  1. Senda inn hugmyndir eða ábendingar til stjórnvalda.
  2. Taka undir hugmyndir eða ábendingar til stjórnvalda.
  3. Senda inn ábendingar um regludrög eða önnur stefnumótandi skjöl.
  4. Leita að lögum, reglum eða stefnuskjölum.
- Gáttin hefur ekki eingöngu þann tilgang að gera stefnuskjöl eða lagafrumvörp aðgengileg heldur er einnig boðið upp á að áhugasamir sendi inn hugmyndir, hvort sem það eru tillögur að nýjum lögum eða breytingar. Einnig er gáttin vettvangur fyrir áskoranir til stjórnvalda. Notendur sem vilja taka undir með öðrum geta gert það með því að smella á hnapp.
- Leiðbeiningar eru í boði til ráðuneyta og stofnana sem vilja stunda samráð en almennt séð er engum skylt að eiga samráð með þessum hætti.
- Eistar hafa farið þá leið að óska eftir innskráningum á vefinn og eingöngu þeir sem skrá sig inn geta sent ábendingar eða tekið undir með öðrum í áskorunum.
- Gáttin er ekki í mikilli notkun, bæði mætti rekja það til þess að stofnanir eru ekki skyldugar að halda úti samráði, einnig gæti innskráning verið hindrun.

Á gáttinni geta mál haft tvær stöður: 1) Samráð opið og 2) Samráð lokað. Útfærslan og virknin er svipuð og hjá öðrum löndum, þó eru niðurstöður samráðs ekki aðgengilegar á gáttinni sjálfri heldur í öðru kerfi á vef sem er sérhannaður utan um vinnuskjöl stjórnvalda, þar sem hægt er að deila efni og gögnum í drögum og vinna í sameiningu að sameiginlegum málum.

Hér má þó líta á hvernig útfærslan er á innsendum ábendingum. Innskráðum notendum er frjálst að senda inn ábendingar. Þeir sem vilja taka undir málið geta kosið „með því“ eða „ámóti“.

## Skjámýndir

Uued ideed [Lisa ídeed](#)

Filter:  
Lisamisaeg: [Sel.náðatal](#) | [Eelmisel.náðatal](#) | [Sel.kuul](#) | [Vimasel.4.kuul](#) | [Käesoleval.aastal](#)  
Vimased: [5](#) | [10](#) | [30](#) | [50](#) | [150](#)

---

**vene kanalid Eestis** loetud 319 korda loe kommentaare (0)

Esitaja: raimond kaige  
Vastamisel **2** poollt **0** vastu

kui vaatame seda kui palju vale infot tuleb pbk, ntv,või rtr planeta saamas on meil olemas vene keelse elanikele suunatud kanal olemas 3+ seda kanalit võiks riik toetada vähe nii oleks sõltumatu meedia kanal olemas lisaks leian et Eesti peaks keelustama vene kanalite näitamise mis õhutavad vaenu ja vale infot 3+ võiks olla Levira poolt edastavas vaba levis nii näeksid seda kõik...

---

**Lapsed on meie tulevik!... kas riigi tulevik ka?** loetud 383 korda loe kommentaare (2)

Esitaja: Ellen Massalski  
Vastamisel **2** poollt **1** vastu

"Lapsetoetus on igakuine toetus, mida makstakse ... Toetuse suurus pere esimese ja teise lapse kohta on kahekordne lapsetoetuse määr(19,18 eurot) ning kolmanda ja iga järgmise lapse kohta kaheksakordne lapsetoetuse määr (76,72 eurot). Lapsetoetuse määr 2014. aastal on 9,59 eurot. Lapsehooldustasu on igakuine toetus, mida makstakse... - kuni kolmeaastast last kasvatavale ühele vanemale või vanema asemel lapsehoolduspuhkust kasutavale isikule ½ lapsehooldustasu määras iga kuni kolmeaastase lapse kohta (38,35 eurot); - peres, kus kasvab kuni kolmeaastane laps ja veel kolme- kuni kaheksa-aastaseid lapsi, ühele vanemale igakuiselt ¼ lapsehooldustasu määras (19,18 eurot) iga kolme- kuni kaheksa-aastase lapse kohta; - kolme- ja enamalapselises perekonnas, kus on kolm või enam vähema...

Mynd 9. Sjá má hvernig „með“ og „á móti“ hnappar virka samhliða almennum innsendum erindum á eistnesku gáttinni.

### Samantekt um samráð í Eistlandi

- Ekki mikil virkni og mál sem sett eru í samráð frekar í færri kantinum enda engin lagaskylda.
- Tilraunir um að gefa kost á ábendingum (með / á móti) hafa ekki höfðað til fólks eða ekki náð eyrum fólks og takmarkaður áhugi virðist vera til staðar.
- Eistar hafa sett upp áhugavert kerfi sem er beintengt samráðsgáttinni þar sem stjórnvöld geta haldið utan um öll skjöl og birt þau opinberlega sem gerir netverjum kleift að fylgjast með stöðu mála á frumstigum og allt til samþykktar.

## 4.8. Bandaríkin

Á bandaríska vefnum regulations.gov er að finna víðtækt samráð um reglusetningu stjórnvalda. Landið mælist í 9. sæti á þessu sviði og mikil hefð virðist vera til staðar.

### Helstu staðreyndir

- Gríðarlegt magn af reglum og skjölum eru aðgengileg í gáttinni. Á forsíðu hennar kemur fram að yfir 1000 samráðsferlum muni ljúka á næstu þremur mánuðum.
- Ekki er gerð krafa um að þátttakendur auðkenni sig en ef stofnanir óska þess þá er það hægt.
- Innsend erindi eru að jafnaði birt óbreytt, það er þó valkvæmt hvort það er gert samstundis eða þegar samráðsferli er lokið.
- Hvert innsent erindi fær númer og er hægt að nota númerið til að fletta upp í gáttinni.

- Á forsiðu samráðsferils er skjölum skipt í tvennt: 1) Frumskjöl (oftast þær reglur/drög að reglum sem kynntar eru ásamt leiðbeiningum eða stöðlum), 2) Ítarefni (oftast minnisblöð, fundargerðir, innsend erindi og fleira).
- Þegar litið er til þess ítarefnis sem birt er sker bandaríska gáttin sig algjörlega frá öðrum. Í einu máli má sjá hátt í 1.500 skjöl birt undir þessum flokki, oft samandregin samskipti úr tölvupóstum við hagsmunaaðila eða málaskrár stjórnvalda.<sup>24</sup> Í einu máli eru innsend erindi eða ábendingar (í birtingu) orðnar yfir 20.000.



Mynd 10. Skjámynd af forsiðu bandarísku gáttarinnar.

- Gáttin virkar því sem stór gagnageymsla fyrir öll skjöl sem tengjast reglusetningarferlinu.
- Gáttin eru sú eina sem útfærir tengingar við samfélagsmiðla og auðveldar fólki þannig að taka þau mál sem borin eru upp, inn í umræðu á öðrum vettvangi og á eigin forsendum. Ef netverjar kjósa að tístá (*e. tweet*) máli inn á Twitter kemur sjálfkrafa merking (#) með númeri viðkomandi máls – þannig má rekja sögu máls þrátt fyrir að málið fari inn á þann vettvang.
- Töluverð vinna hefur verið sett í hönnun viðmóts á bandarísku gáttinni, notendum auðveldað að leita að málum, skjölum, skjalagerðum og ferlum. Einnig er grafík notuð með snjöllum hætti til að gefa til kynna hvar mál eru stödd í reglusetningaferlinu, dæmi:



## Samantekt um samráð í Bandaríkjunum

- Mikil samráðshefð og virkni. Gáttin samtengd samfélagsmiðlum; Facebook og Twitter.

<sup>24</sup> Sjá samráðsferli í tengslum við reglusetningu um losun gróðurhúsalofttegunda á slóðinni: <http://www.regulations.gov/#!docketDetail;D=EPA-HQ-OAR-2013-0602>

- Mikið lagt upp úr gegnsæi: Fundargerðir, vinnuskjöl, tölvupóstsamskipti – öll skjöl sem tengjast máli og eru ekki viðkvæm trúnaðarskjöl eru birt. Gríðarlegur fjöldi skjala er birtur.
- Ekki er gerð markviss grein fyrir samráðinu enda umtalsverður fjöldi ábendinga sem berast ráðuneytum og stofnunum í Bandaríkjunum.

#### 4.9. Samantekt og samanburður

Hér fer á eftir yfirlit yfir stöðu Íslands (sbr. svör við „OECD - Regulatory Policy Indicators Questionnaire 2014“) en mat á öðrum löndum er byggt á skoðun vinnuhópsins á umræddum erlendum samráðsgáttum (ekki svörum viðkomandi lands við OECD-könnuninni þar sem þau liggja ekki fyrir. Taka ber skýrt fram að eingöngu er fjallað um opið samráð á netinu varðandi stjórnarfrumvörp og reglugerðir.

SAMANBURÐUR Á MILLI NOKKURRA LANDA*		Ísland	Bretland	Danmörk	Finnland	Holland	Noregur	Eistland	Bandaríkin
<b>1. Um hvað er haft samráð við aðila utan stjórnsýslunnar?</b>									
a.	Er lagaskylda til að hafa samráð við undirbúning laga (frumvarpa) eða reglugerða?	Nei	Nei	Já	Nei	Nei	Nei	Nei	Að hluta
b.	Er einhvers konar krafa eða vinsamleg tilmæli (ekki lagaskylda) um að hafa samráð við undirbúning laga (frumvarpa) eða reglugerða?	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já
c.	Er haft samráð um:								
i.	Fyrirætlanir um reglusetningu	Nei	Já	Stundum	Stundum	Stundum	Stundum	Já	Já
ii.	Drög að reglum	Stundum	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já
iii.	Fyrirætlanir um breytingar á reglum	Nei	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já
iv.	Ábendingar um breytingar á reglum	Nei	Nei	Nei	Já	Nei	Nei	Nei	Já
<b>2. Við hverja er haft samráð (veittar upplýsingar og tekið við svörum)?</b>									
a.	Skilgreinda hagsmunaaðila	Stundum	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já
b.	Almenning	Stundum	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já
<b>3. Hvernig er samráðinu hagað í grundvallaratriðum?</b>									
a.	Eru til skriflegar leiðbeiningar til stofnana	Já	Já	Að hluta	Að hluta	-	-	Já	Já
b.	Hversu langur tími er gefinn (fastur, breytilegur)?	Breytilegt	Breytilegt	Breytilegt	Breytilegt	Breytilegt	Breytilegt	Breytilegt	Breytilegt
c.	Boð um þátttöku (enginn, allir, sumir, breytilegt)	Breytilegt	Breytilegt	Breytilegt	Breytilegt	Breytilegt	Breytilegt	Breytilegt	Breytilegt
d.	Hvernig koma þátttakendur sínu á framfæri rafrænt?								
i.	Tölvupóstur	Já	Já	Já	Nei	Nei	Já	Nei	Nei
ii.	Vefform	Stundum	Nei	Nei	Já	Já	Nei	Já	Já
iii.	Beintenging við málaskrá?	Nei	-	-	-	-	-	-	-
iv.	Kannanir	Nei	Stundum	Nei	Já	Stundum	Nei	Nei	Nei
v.	Innskráning inn á vef	Nei	Nei	Já	Já	Nei	Nei	Já	Nei
vi.	Umræðutorg	Nei	Nei	Nei	Önnur gátt	Nei	Nei	Önnur gátt	Nei
vii.	Er möguleiki á tengingu við samfélagsmiðla	Nei	Nei	Nei	Að hluta	Nei	Nei	Já	Já
e.	Geta menn séð (fylgst með) að samráð (um tiltekið efni) sé í	Stundum	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Já
f.	Vettvangur samráðs								
i.	Sameiginleg vefsíða stjórnvalda	Nei	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já
iii.	Geta menn rætt saman?	Nei	Nei	Nei	Að hluta	Nei	Nei	Nei	Að hluta
<b>4. Tímasetning samráðs og gögn til grundvallar</b>									
a.	Samráð á fyrstu stigum (um eðli vandans, hugsanlegar lausnir)	Stundum	Stundum	Stundum	Nei	Stundum	Stundum	Stundum	Stundum
b.	Eftir að drög af frumvarpi/reglum eru samin?	Stundum	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já
c.	Eru gögn aðgengileg til grundvallar samráðinu (t.d. drög að reglum, grænbók, minnisblað um nauðsyn lagasetningar)	Stundum	Já	Stundum	Já	Já	Já	Já	Já
d.	Eru viðmiðanir („þröskuldar“) varðandi hvenær og hvað á að birta á netinu?	Nei	Já	Já	-	-	-	-	-
<b>5. Afrakstur og úrvinnsla samráðs</b>									
a.	Eru athugasemdir þátttakenda birtar?								
i.	Í heild á netinu	Nei	Nei	Já	Já	Já	Já	Já	Já
ii.	Útdráttur	Stundum	Já	Stundum	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei
iii.	Formleg skýrsla	Nei	Já	Nei	Nei	Já	Nei	Nei	Nei
b.	Er skylt að birta afraksturinn?	Já	Nei	Já	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei
c.	Er skylt að taka þær til athugunar?	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	-	-
d.	Koma fram viðbrögð við ábendingum?	Stundum	Já	Stundum	Nei	Já	Nei	Stundum	Stundum
e.	Er skylt að svara?	Nei	Nei	-	-	-	-	-	Já
i.	Svör send hverjum og einum	Nei	-	-	-	-	-	-	-
ii.	Svör birt á netinu	Nei	Já	Stundum	Nei	Stundum	Nei	Stundum	Stundum

## 5. Niðurstöður og næstu skref

---

### 5.1. Ályktanir vinnuhópsins

Vinnuhópurinn telur ljóst að virkni og gegnsæi samráðsferla á netinu sé mun minni en æskilegt væri. Tækifæri til að auka hvort tveggja eru umtalsverð. Það á við enda þótt opnu samráði á netinu sé ekki ætlað að koma í stað þeirra samráðsferla sem algengir eru heldur sem viðbót, með áherslu á gegnsæi og aukna virkni almennings. Frá sjónarhorni almennings og hagsmunaaðila má nánar tiltekið draga núverandi stöðu saman í eftirfarandi þætti:

- 1) Sýnileiki opins samráðs á vefjum ráðuneyta er mismunandi og sama máli gegnir um tilhögun þess á hverjum vef almennt. Þeir sem eru óvanir viðkomandi vef geta átt erfitt með að átta sig á honum, fá yfirsýn og finna það sem þeir leita að. Að sama skapi vaknar síður áhugi á þátttöku meðal nýrra aðila, svo sem ungs fólks. Samfélagsmiðlar eru ekki taldir hluti af formlegu samráðsferli.
- 2) Hlutfall birtra skjala er lágt.
- 3) Möguleiki á að sjá fyrir að samráð sé í uppsiglingu er ekki fyrir hendi.
- 4) Áskrift að tilkynningum um að samráð sé að hefjast stendur einungis til boða hjá tveimur ráðuneytum af átta.
- 5) Birting á sér stað seint í vinnsluferlinu og yfirleitt liggja þá fyrir drög. Möguleikar á að hafa áhrif, svo sem á fyrirætlanir um nýja eða breytta reglusetningu, skilgreiningu á eðli vanda og hugsanlegar lausnir, eru minni þá en fyrir í ferlinu.
- 6) Ítarlegar upplýsingar um ástæður og undirbúning er almennt einungis að finna í lokaskjali.
- 7) Fyrirhugaðar breytingar eru almennt ekki sýndar í samhengi við þann texta sem í gildi er.
- 8) Farvegur fyrir ábendingar almennings um breytingar á reglum og annað frumkvæði af því tagi hefur ekki verið til staðar.
- 9) Upplýsingar á samráðssíðu, þar sem hún er fyrir hendi, eru ekki uppfærðar eftir því sem viðkomandi máli vindur fram.
- 10) Of skammur tími/frestir draga úr möguleikum til þátttöku.
- 11) Framlag þátttakenda er almennt ekki birt. Það er ekki hægt að taka undir með öðrum eða ræða við þá.
- 12) Úrvinnslu stjórnvalda er almennt einungis að finna í lokaskjali og mjög mismunandi hvort hægt er að átta sig á viðbrögðum við ábendingum eða samspili þeirra.

Sé litið sérstaklega til sjónarhorns stjórnenda og starfsmanna ráðuneyta má einnig nefna eftirfarandi atriði:

- 1) Ekki er kveðið á um almenna skyldu ráðuneyta til opins samráðs á netinu, hvorki varðandi hagsmunaaðila né almenning, við undirbúning stjórnarfrumvarpa, reglugerða, stefnuskjala eða annarra skjala. Því meta stjórnvöld hvert tilvik sérstaklega – án þess þó að fram komi hvaða ákvörðun hafi verið tekin í þeim efnum, hvers vegna og af hverjum.
- 2) Handvirk vinnsla á „samanburðarskjölum“, flokkun og úrvinnslu athugasemda, tölfræði um þessi efni almennt o.s.frv. getur verið tímafrek.
- 3) Hugtakanotkun er ekki fyllilega samræmd.

- 4) Nafngreining þátttakenda getur verið erfiðleikum bundin þar sem ekki er gert ráð fyrir innskráningu (með persónuauðkenni) á vef.

Meginástæður lítils samráðs:

- 1) Aukið samráð kallar á ákvörðun um að verja meiri tíma og vinnu í viðkomandi mál.
- 2) Vefir ráðuneyta eru mismunandi.
- 3) Stefna ráðuneyta í samráðsmálum er mismunandi. Óljóst er hvaða afstöðu stjórnvöld (sem heild) hafa til þess hvað skuli birta í opnu samráði, hvað ekki og á hvaða stigi vinnslu. Um fyrirkomulag samráðs gilda ekki heldur almennar bindandi reglur.
- 4) Skyldubundinni umsögn skrifstofu löggjafarmála í forsætisráðuneyti til ríkisstjórnar um stjórnarfrumvörp eru takmörk sett varðandi atriði sem ráðuneyti hafa sjálfðæmi um. Aðhald í þessum efnunum er að sama skapi minna.
- 5) Beintenging við málaskrá, kannanir eða önnur tæknileg virkni eða hagræði fyrir starfsmenn stjórnsýslunnar við úrvinnslu er ekki fyrir hendi.

## 5.2. Leiðir að markmiðum

Meginmarkmið vinnuhópsins eru svo sem fram kemur í inngangi þessarar skýrslu þrjú talsins:

1. Auka möguleika almennings og hagsmunaaðila til að koma að stefnumótun, reglusetningu og ákvarðanatöku opinberra aðila og koma með ábendingar um það sem betur má fara í löggjöf og/eða stjórnsýsluframkvæmd.
2. Auka gegnsæi í laga- og reglusetningarferlinu þannig að hagsmunaaðilar geti áttað sig á hvað er í vendum og komið sínum sjónarmiðum að á öllum stigum.
3. Bæta vinnubrögð við undirbúning laga- og reglusetningar og við stefnumótun þannig að stjórnvöld fari í gegnum tiltekin skref sem stuðla að vandaðri vinnubrögðum.

Hugmyndir vinnuhópsins um hvernig hægt sé að ná ofangreindum markmiðum eru á þessu stigi svohljóðandi:

- 1) Samræma aðgang að opnu samráði á netinu með því að setja upp miðlæga samráðsgátt fyrir lagafrumvörp, drög að reglugerðum, stefnum o. fl.
- 2) Samræma stefnu ráðuneyta í samráðsmálum, þ.e. meginreglur, undantekningar og ákvörðunartöku.
- 3) Gera ráð fyrir skýru aðhaldi í þeim efnunum, svo sem kröfu um rökstuðning fyrir undantekningum, tölfræði og yfirlestri utan viðkomandi fagraðuneytis.
- 4) Nýta tæknilega virkni til að spara tíma og kostnað við undirbúning og úrvinnslu samráðs.

Nánar tiltekið virðast eftirfarandi leiðir nærtækar til að markmiðum verkefnis vinnuhópsins verði náð – með fyrirvara um nánari umfjöllun og útfærslur á næstu mánuðum og eftir atvikum í samstarfi við aðra hlutaðeigandi aðila:



- **Sameiginleg framtíðarsýn mótuð:**

Settur verði á fót formlegur samráðshópur um mótun og útfærslu sameiginlegrar framtíðarsýnar þar sem fram komi lýsing á því fyrirkomulagi sem stefnt er að varðandi samráð á netinu og sett fram markmið til ársloka 2018. Vinnuhópurinn telur að í því efni sé gagnlegt að fjalla um þróun miðlægrar samráðsgáttar og tilheyrandi umbætur í vinnubrögðum við undirbúning laga- og reglusetningar sem og stefnumótun. Samráðshópurinn vinni með vinnuhópi um virka og gegnsæja samráðsferla og verði skipaður fulltrúum allra ráðuneyta ásamt fulltrúum Alþingis og sveitarfélaga ef áhugi reynist fyrir aðkomu þeirra að verkefninu. Tilgangurinn með skipun samráðshópsins er að fá beina aðild helstu opinberra hagsmunaaðila að verkefninu. Jafnframt verði haft samstarf við stefnuráð Stjórnarráðsins og hagsmunaaðila m.a. frá atvinnulífinu.

- **Verklagsreglur endurskoðaðar:**

Mótaðar verði skýrar og samræmdar verklagsreglur, þar sem miðað verði við að opið samráð á netinu fari að meginreglu fram og undantekningar séu rökstuddar sérstaklega. Jafnframt sé skýrt hver taki ákvörðun í þessu efni hverju sinni. Almennt sé miðað við 6 vikna frest, en sveigjanleiki þó fyrir hendi. Horfa þarf sérstaklega til þess hvernig íslensk stjórnvöld geti tileinkað sér aðferðir samráðs tímanlega, jafnvel á meðan hugmyndir eru á frumstigi. Verklagsreglur/leiðbeiningar feli jafnframt í sér að aðhald verði veitt í þessu efni, svo sem með gerð athugasemdar í umsögn til ríkisstjórnar um stjórnarfrumvarp og birtingu tölfraði um þessi efni. Loks verði afrakstur samráðs birtur og úrvinnsla þess gegnsæ.

- **Fyrsta útgáfa af sameiginlegri samráðsgátt:**

Sett verði upp miðlæg samráðsgátt, þar sem almenningur og hagsmunaaðilar geti gengið að greinargóðum upplýsingum með einföldum hætti. Upplýsinga- og þjónustuveita stjórnvalda, Ísland.is, virðist vænleg staðsetning í því efni og starfsmaður þar gæti ef til vill annast vefstjórn. Setja þyrfti á fót sérstaka ritstjórn, sem í sætu a.m.k. fulltrúar forsætisráðuneytis og Ísland.is. Ljóst er jafnframt að semja þyrfti almennar leiðbeiningar fyrir þá sem vilja setja inn efni, með ýmsum tilbrigðum svo sem könnunum.

Þátttakendur verði aðeins ráðuneytin í upphafi en aðrir bætist við í áföngum:

- 1) Ráðuneytin.
- 2) Stofnanakerfið.
- 3) Alþingi?
- 4) Sveitarfélögin?

Setja þyrfti upp aðgangsstýringar fyrir ráðuneyti/stofnanir/sveitarfélög sem setja inn efni.

Í gáttinni fari fram samráð um eftirfarandi skjöl:

- 1) Hugmyndir, valkosti. Dæmi umræðuskjal vegna mannanafnanefndar.<sup>25</sup>
- 2) Drög að frumvörpum.
- 3) Drög að reglugerðum.
- 4) Drög að stefnum.
- 5) Annað (t.d. gjaldskrár).

Ýmis viðkomandi skjöl séu aðgengileg:

- 1) Stöðuskýrslur.
- 2) Skýrslur sem varða viðkomandi málefni með beinum hætti svo sem kannanir, úttektir, tölfræði, hvítbækur, áfangaskýrslur, grænbækur, gildandi lög, reglugerðir og stefnur.
- 3) Drög að lagafrumvörpum, reglugerðum, stefnuskjölum og þess háttar.
- 4) Kannanir sem eru liður í samráðinu.
- 5) Niðurstöður samráðs.
- 6) Árangur lagasetningar, árangur stefnu. Þegar gerðar eru úttektir á árangri reglusetningar eða stefnumótunar verði þær einnig aðgengilegar í gáttinni.

Að loknu hverju umsagnarferli verði gerð fyrir því skýr grein:

- 1) Hvernig var ferlinu háttað.
- 2) Þær umsagnir sem bárust verði birtar.
- 3) Stutt samantekt sem birt verði í gáttinni. A.m.k. þarf að tilgreina fjölda þeirra sem tóku þátt í samráðinu, hverjir tóku þátt (almennigur, hvaða hagsmunaaðilar o.s.frv.), tímalengd samráðs, helstu niðurstöður og hvað skilaði sér í hið endanlega skjal.
- 4) Útbúið verði sniðmát með fyrirfram gefnum köflum til að flýta fyrir gerð samantektarinnar.

Samskipti verði möguleg eftir ýmsum leiðum:

- 1) Tölvupóstur.
- 2) Form sem raðar efni inn undir ákveðnar efnisgreinar (t.d. í frumvörpum)?
- 3) Kannanir.

- **Gagnagrunnur um EES-gerðir:**

Rík þörf er á að auka gegnsæi og möguleika á þátttöku á fyrri stigum varðandi ESB-gerðir sem eru á leið inn í EES-samninginn eða þarf að innleiða. Telja verður æskilegt

---

<sup>25</sup> Slóð: <http://www.innanrikisraduneyti.is/frettit/nr/29231>

að útbúa gagnagrunn á vefnum sem yrði að meginstefnu opinn almenningi þar sem birtust upplýsingar um slík mál. Þannig væri mögulegt að virkja betur almenning og hagsmunaaðila til þátttöku í mótun Evrópugerða og útfærslu þeirra hér á landi. Slíkur gagnagrunnur gæti einnig haldið utan um rafræna afgreiðslu skjala sem hluti af upptöku gerða í samninginn og innleiðingu. EES-gagnagrunnurinn verði aðgengilegur í hinni fyrirhuguðu samráðsgátt.

- **Upplýsingatækni nýtt til einföldunar:**

Leita þarf leiða til þess að beiting upplýsingatækni auðveldi starfsfólki, hagsmunaaðilum og almenningi undirbúning, úrvinnslu og þátttöku í samráði.